



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Langholt



**2021 – 2022**

### **Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans .....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021 .....	7
3 Innra mat deilda .....	8
3.1 Furðuland .....	8
3.2 Dvergaland .....	10
3.3 Álfaland.....	15
3.4 Undraland.....	18
3.5 Smálönd-Lundur .....	22
3.6 Smálönd – Skáli.....	26
3.7 Rauðaland.....	28
3.8 Bláaland.....	30
3.9 Gulaland .....	31
4 Innra mat sérkennslu.....	32
5 Innra mat – fjöltyngd börn .....	34
6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	36
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	36
8 Foreldrasamvinna.....	37
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	38
10 Fylgigögn.....	38
<b>10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....</b>	<b>39</b>



## Leiðarljós leikskólans

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Enn og aftur er kominn tími á að staldra við og huga að því sem hæst bar í skólastarfinu síðasta skólaár um leið og við leggjum línurnar fyrir það næsta. Mér er efst í huga eftir þennan vetur sem svo sannarlega var ekki hefðbundinn vegna heimsfaraldurs að þakka allt sem vel hefur verið gert og við getum svo sannarlega tekið með okkur alla þá reynslu og þekkingu sem við höfum öðlast á þessum tíma. Að reka skóla á tímum sem þessum hefði aldrei gengið upp nema með öllu því frábæra fólki sem hér vinnur. Hér hafa allir verið tilbúnir að leggja á sig aukna vinnu og aukið álag til að börn geti komið og átt sinn dag hér í öruggu og góðu umhverfi. Hér hefur starfið einkennst af jákvæðni, lausnamiðaðri hugsun og aldrei gefið eftir í faglegri hugsun. Einnig hafa foreldrar sýnt mikið æðruleysi í öllum þessum breytingum og staðið við bakið á okkur og það ber svo sannarlega að þakka. Börnin okkar hafa ekki látið sitt eftir liggja til að allt gengi upp, þau hafa verið dugleg að virða allar umgengni reglur og sýnt mikinn dugnað við að kveðja foreldra sína í hurðinni á hverjum degi.

### Þróunarstyrkur í tengslum við Menntastefnu Reykjavíkurborgar

Við byrjuðum 2019 að vinna með innleiðingu á læsi í leikskólanum. Hugmyndin var að byrja á stjórnendateyminu styrkja það og finna betur hvernig við gætum stutt hvort annað í að innleiða nýjar áherslur í starfinu. Þetta fór því miður ekki nógu vel því að Kvan átti að sjá um allt utanum hald og stýra vinnunni með hópnum. Því færðum við sama verkefni yfir á 2020. Við vorum upprifin um haustið og settum okkur plön og vinnuáætlun. En þá skullu aftur á takmarkanir og við frestuðum aftur fram á vorönn 2021. Þegar við sáum fram á að við gætum ekki haldið námskeiðið þannig að allt teymið hittist einu sinni í viku þá fluttum við vinnuna yfir á Teams. Það reyndist því miður ekki nógu vel, margt er hægt að vinna í fjarbúnaði en þegar á að efla samvinnu og mynda traust þá gengur það ekki vel. Við geymdum því smá hluta af námskeiðinu og ætlum að taka heilan vinnudag í ágúst og svo tvo styttri daga til að ná að fá það sem okkur vantar. Margt hefur þó verið gert í innleiðingunni á læsi í skólanum. Við erum að vinna með Lubba á öllum deildum og erum að þróa hjá okkur hvernig við viljum vinna með hvern árgang fyrir sig. Allt ritmál er sýnilegt á deildum, það er lesið fyrir öll börn á hverjum degi í litlum hópum sem við höfum sett saman eftir áhuga og getu barna.



Við notum *Íslenska málljóðamælirinn* til þess að skima öll börn og í framhaldinu er gerð áætlun með þeim börnum sem þurfa þykir. Þessi vinna mun halda áfram næstu árin og fara inn í námskránnar okkar sem við erum að byrja að huga að.

## **Hringekja**

Við höfum verið síðustu ár að þróa hér hringekju aðferð í kennslu með börnum. Hún er unnin á misjafnan hátt eftir aldri barnanna. Markmið hennar er að kennari fái tækifæri til að vinna með lítinn hóp barna í einu og geti því fylgst með styrkleikum þeirra og getu. Einnig prufuðum við síðasta ár að deildastjórar sem eru með tvo elstu árgangana ynnu þvert á allan árganginn í hringekjunni. Kom þetta vel út við erum með tvær deildar með sama árgangi og komu deildastjórar sér saman um eftir sínum áhuga og styrkleikum hvað þeir sæju um í hringekjunni, s.s. lubba eða stærðfræði. Þeir voru svo inni í hringekjunni á báðum deildum og því fengu öll börnin í árganginum sömu kennslu í því sem við erum að leggja áherslu á.

## **Útinám**

Það er mikil þróun hér í Útinámi sem hefur verið eitt af okkar aðal áherslum í mörg ár. Við höfum einnig þar verið að prufa að vera með Verkefnastjóra í Útinámi sem sér um að skipuleggja allt útinám fyrir árganginn. Hann hefur síðan líka farið með öllum hópum af báðum deildum í útinámið. Okkur finnst mikill kostur þegar við erum með svona stóra árganga að öll börnin séu að fá sömu kennslu þrátt fyrir að þau eigi sitt hvora heima deildina. Við lítum ekki á okkur sem starfsmenn á einni deild heldur erum við starfsmenn á Langholti og öll börn eiga rétt á frábæru námi. Þetta snýst að miklu leyti um að nýta styrkleika og áhuga starfsmanna og leyfa þeim að njóta sín. Þeir starfsmenn sem hafa tekið svona verkefni að sér finnst þeir fá tækifæri til að blómstra í starfinu og hafa einnig talað um að það sé svo gott að geta einbeitt sé að einum þætti þegar kemur að undirbúningi og gera það þá vel.

## **Íslenska sem annað mál**

Hér eru nokkuð mörg börn sem hafa íslensku ekki sem sitt móðurmál. Við erum mjög meðvituð í öllu starfi að veita þeim auka athygli og hjálpa þeim að byggja upp orðaforða og skilning. Hér hefur verið starfandi Verkefnastjóri í 50% starfi til að aðstoða deildastjóra að meta íslenskuna hjá hverju og einu barni og búa til áætlanir í framhaldinu.



## **Framkvæmdir**

Síðasta ár hefur verið undirlagt í framkvæmdum. Á Holta þar sem yngri börnin okkar eru var farið í að útbúa ungbarnadeild sem endaði á því að næstum allt húsið var tekið og breytt. Þessi framkvæmd gekk nokkuð vel þó auðvitað fylgir svona miklum breytingum mikil rask og allir þurfa að bíta á jaxlinn. Sunnu megin gekk þetta því miður ekki eins vel, það var skipt um eina hlið á tveimur deildum, settur hiti í gólf og allt málað. Þessi framkvæmd var illa skipulögð frá upphafi til enda. Engar tíma áætlanir stóðust og endaði þetta á að við gátum ekki opnað skólann á réttum tíma eftir sumarleyfi. Þessa hluti verður að skoða og einnig verður að vera á hreinu hver ber ábyrgð meðan vinnan er í gangi. Ég eyddi stórum hluta af mínu sumarleyfi í að halda hér öllum við efnið.

Garðarnir bæði hjá Holta og Sunnu voru endurgerðir. Þar hefur líka sést greinilega hvað verkstjórn er misjöfn. Það var byrjað á görðunum á sama tíma. Garðurinn á Sunnu kláraðist í desember en það er verið að klára garðinn á Holta núna og hafa börnin þar verið á á þínu litlum búi í næstum allan vetur.

## **Starfsmannamál**

Í heildina höfum við verum heppin með starfsmannaveltu hér síðasta árið. Þó gerðist það síðasta haust að á Holta var of mikið af nýjum starfsmönnum sem stoppuðu mislengi. Við munum dreifa betur reynsluboltunum okkar næst og vanda vel til ráðninga. Það fóru 3 starfsmenn í veikindaleyfi síðasta vetur, tveir deildastjórar og einn starfsmaður. Það þarf að fara í gagngera skoðun hvað veldur því að starfsmenn og stjórnendur á leikskólum brenna svona fljótt út í starfi.

## **Stytting vinnuvikunnar**

Hér var kosið um þá kosti sem nefndin um styttingu setti fram og var samstaða um að taka fulla styttingu eða 36 klst. vinnuviku. Allir deildastjórar og leikskólakennarar kusu að safna sinni styttingu saman og taka hana út í lengri fríum s.s í kringum jól, páska eða lengja sumarleyfi. Aðrir starfsmenn taka 3 klst. á viku og safna saman 1klst. Bæði skólastjóri og aðstoðar skólastjóri taka fulla styttingu eða 4klst í viku. Stytting vinnuvikunnar hefur marga góða kosti og að mínu mati besta kjarabót sem starfmaður hefur fengið. Þó hefur þetta verið



frekar mikil vinna að koma þessu öllu heim og saman og það er alveg klárt að það er ekki hægt að framkvæma þetta án þess að bæta inn starfsmönnum. Við höfum ráðið inn tímavinnufólk sem koma inn eftir hádegi til að léttu undir vegna styttingar. Það gengur ekki upp til lengdar ef styttingin á að ganga jafnt yfir alla og ekki á að draga úr faglegu starfi að reikna með of fáum höndum flesta daga vikunnar frá kl 13:00 þetta á sérstaklega við á yngri deildum skólans þar sem lítil börn þurfa hjálp við marga hluti s.s borða og klæða sig.



## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

### Ytra mat

Veturinn var að svo mörgu leiti öðruvísi en við erum vön, því var gott að fá niðurstöður úr bæði starfsmanna og foreldrakönnun. Í heildina komu þær mjög vel út. Það sem við munum skoða betur næsta vetur og setja inn í umbótaáætlun lúta helst að upplýsingaflæði bæði hér innan skólans og til foreldra. Foreldrum finnast þeir ekki fá nógu góða innsýn í starfið, og þá helst foreldrar yngri barna. Vegna Covid fengu þau lítið sem ekkert að koma inn í skólann allan veturinn og aðlögun barnanna var einnig mjög stutt og aðallega notuð útivera. Þessi daglegu samskipti sem við leggjum svo mikla áherslu á voru því mjög lítil. Trúi ég að þetta sé ein aðal ástæðan fyrir að upplifun þessa hóps foreldra var ekki alveg nógu góð. Áherslur skólans eru heldur ekki nógu sýnilegar og munum við nýta veturinn næsta í að bæta það.

### Starfsmannakönnun

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
<b>Starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar 2021</b>	Rafræn Könnun	Starfsfólk leikskólans	Á heildina litið kom könnunin vel út og er meðaltal allra þátta 4,33 af 5 mögulegum.  Hæfir og áhugasamir starfsmenn 4,28  Árangursríkir stjórnunarhættir 4,22  Starfsánægja 4,52  Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi 4,37  Í öllum flokkum var bæting frá síðasta ári.
<b>Foreldrakönnun</b>	Rafræn Könnun	Foreldrar barna í leikskólanum	Heildaránægja með leikskólann 4,62  Barninu líður vel í leikskólanum 4,71  Tel barnið mitt vera öruggt 4,73  Vingjarnlegt andrúmsloft 4,61  Skólanum er vel stjórnað 4,44



## Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

### Sjá fylgiskjal 1

## 3 Innra mat deilda

### 3.1 Furðuland

**Læsi:** Lubbastundir eiga nú sinn fasta sess 1x í viku í Hringekju. Í Hringekjunni eru 4 stöðvar í 20 min. á hverri stöð: Lubbastund þar sem farið er í íslensku máhljóðin, málörvun þar sem er farið er í ýmsa leiki, spilað, rætt saman og leyst verkefni, stærðfræði þar sem börnin læra um tölur, talnagildi, form og stærðir og skapandi fínhreyfingavinna í Hreiðri eins og að klippa, teikna, mála, perla, púsla og líma. Þessar stundir eru markvissar og börnin eru mjög móttækileg og sýna mikinn áhuga bæði í stundunum og í öðrum verkefnum og í leik. Hver kennari er með sitt sérsvið/áhugasvið í hringekjunni og getur þannig fylgt betur eftir framförum og markvissari vinnu með hópnum.

Við lesum alla daga, höfum skipt hópnum eftir getu, okkur finnst það skila betri stundum þar sem viðfangsefnið er miðað við skilning og þroska barnanna. Notumst mikið við samræðulestur og erum að lesa lengri framhaldssögur fyrir þau sem



eru komin lengra í skilningi og orðaforða en styttri og einfaldari fyrir börn sem þurfa að auka skilning og orðaforða.



Allt ritmál er mjög sýnilegt á deildinni, bæði tölustafir og bókstafir, hópaskiptingar og hlutir ásamt öllu leikefni, börnin hafa alltaf gott aðgengi að bókum, pappír, tímaritum, skærum, lím og skriffærum. Læsið tengist öllu okkar starfi bæði úti og inni eins og t.d. í útínámi þar sem börnin læra hugtök, umferðarreglur, form, litir og læsi á náttúru og umhverfi sitt.

Við höfum farið á bókasafnið í lestrarstundir þar sem bókasafnsverðirnir lesa fyrir okkur bækur og sýna myndirnar úr bókunum á stórum skjá upp á vegg.

Á deildinni er póstkassi þar sem börn og foreldrar eru hvattir til að taka þátt í læsishvetjandi verkefnum eins og að semja sögu, segja frá fríi o.s.frv. Bréfin eru svo lesin í samverustundum.





**Útinám:** Útinámið hefur gengið vel, við höfum fengið fræðslu í Grasagarðinum og Húsdýragarðinum, fuglaskoðun, heimsótt Þvottalaugarnar í Laugardalnum, skoðað náttúruna í gegnum stækkunargler, aðventustund í Kaffi Flóru, heimsótt leikvelli hverfisins, heimsótt Voga og Langholtsskóla og notið þess að fara í leiki og hreyfa okkur í náttúrunni. leikhúsför og margt, margt fleira!

**Íslenska sem annað mál:** Allir starfsmenn hafa verið virkir í að setja orð á hluti og athafnir og gefa sér tíma til spjalla við börnin með 10. min. regluna bak við eyrað. Á deildarfundum höfum við sett okkur markmið og rætt hvaða börn þarf sérstaklega að einblína á hverju sinni. Við leggjum áherslu á að börnunum líði vel og upplifi sig örugg til að tjá sig.



**Frjáls leikur:** Frjálsi leikurinn er aðal námsleið barnanna og hefur verið í mikilli þróun í vetur. Við sjáum miklar framfarir þar sem leikurinn hefur dýpkað mikið og allir eru virkir þátttakendur og við kennararnir eru tilbúin að grípa inn ef þörf krefur að leiðbeina. Við höfum markvisst verið að passa upp á að vera á svæðinu okkar og fylgjast vel með leiknum. Leggjum áherslu á að tekið sé saman og gengið frá dóti áður en nýtt leikefni er tekið fram. Það er mat okkar kennara að það hafa komið upp færri árekstrar milli barnanna í vetur og leikurinn hefur gengið betur en undanfarin ár og við höfum náð að sinna betur hlutverki okkar og þar viljum við meina að stærð barnahópsins hafi skipt sköpum þar sem færri börn eru á deildinni en undanfarin ár. Það er umhugsunarefni.

**Samverustundir:** Höfum verið með eina stóra samverustund á morgnana þar sem við fáum okkur ávexti og leggjum drög að deginum og ræðum ýmis málefni, hvaða dagur er, mánuður, ár, veður, klæðnaður



og það sem er fram undan og svo er söngstund fyrir hádegismatinn þar sem við syngjum og leggjum inn texta og lög: Barnamenningarhátíð, jól, árstíðir, þulur og fleira. Það hefur gengið vel.

Við höfum einnig notað samverustundir til að ræða saman ef einhver ágreiningsmál koma upp sem gott er að ræða í hópnum.

**Covid 19:** Almennt höfum við náð að fylgja okkar skipulagi í covid, fylgt dagsskipulagi: söngstundir, sögustundir, hringekja og útinám hafa verið á sínum stað. Okkur tókst ekki að vera með í Barnamenningarhátíð þetta árið vegna tímasetningar en við höfum haldið okkur við að læra lögin og syngja þau á deildinni.

**Endurmat á starfi vetrarins:** Við erum mjög ánægðar með veturinn, okkur finnst við hafa náð að fylgja vel eftir okkar markmiðum og áherslum í starfi. Við höfum unnið vel saman og það hefur ríkt góður andi á deildinni, við höfum fundið vel fyrir því að börnum var fækkað í vetur á deildinni sem hefur haft góð áhrif á starfið og starfsánægju og það hefur einnig hjálpað við að leysa styttingu vinnuviku. Við skynjum miklar framfarir hjá börnunum og samkvæmt mati barnanna á starfinu virðist þeim líða vel og eru ánægð í leikskólanum. Nú höfum við bæði skipt hópnum í þrjá og fjóra hópa í hringekjunni og okkar mat er að börnin nái að halda betur einbeitingu á þremur stöðvum og við náum að fara dýpra í námsefnið, það er oft kominn mikill óróleiki í síðasta hópinn og erfitt að halda athyglinni.

**Umbótaáætlun - sjá fylgiskjal**

## 3.2 Dvergaland

### Útinám

Eldri hópurnir og yngri hópurnir fóru saman í útinám einu sinni í viku, en þessi ákvörðun var tekin í samræmi við leikskólastjórnann í ljósi aðstæðna í samfélaginu og hólfaskiptingu í leikskólanum.



Útinámið hjá hópnum á Dvergalandi gekk mjög vel. Útinámsstjórinn hélt mjög vel utan um skipulagningu, hún kom oft á morgunfundi, áður en lagt var af stað, ræddi við börnin um markmið ferðarinnar og hún útskýrði reglur á skemmtilegan hátt. Á meðan útinámið stóð þá lánaði Dvergaland starfsmann á Furðulandi í staðinn fyrir útinámsstjóranum. Börnin voru mjög áhugasöm, voru mjög virkir þátttakendur í öllum verkefnum sem lögð voru fyrir þau og höfðu virkilega gaman að útináminu. Við sáum greinileg framför á úthald þeirra eftir áramót.

Flottar og skemmtilegar skráningar voru gerðar eftir hverja ferð. Ljósmyndir voru teknar í hverri ferð og Sway hlekkur með myndum var sendur heim í föstudagspóstunum ásamt ferðasögunni. Foreldrar átti orð á því hvað þeim fannst ánægjulegt að fylgjast með í gegnum ljósmyndum og ræða við börnin heima. Ljósmyndir eru mjög góð skráningaraðferð.

Markmiðið með útináminu var að tengja útinámið við starfið á deildunum, að börnin gætu notið sín í útiveru og lært að meta umhverfið sitt. Einnig var lögð áhersla á læsi í víðum skilning, samræður, samvinnu og umhverfisvitund. Tenging við starfið var ekki nógu öflug á Dvergalandi. Úrvinnsla úr ferðum var ekki nægilega markviss á Dvergalandi.

Úrbætur: Mikilvægt er að bæta úr því með markvissari úrvinnslu þar sem verkefni, lög og þulur eru jafnvel fyrirfram ákveðin og í tengslum við þau þemu sem unnið er með að hverju sinni í útináminu. Þrátt fyrir að útinámsstjórinn á Furðulandi skipuleggi og sjái um útinámið fyrir hópinn, væri gott að starfsmaður á Dvergalandi bæri ábyrgð á allri úrvinnslu ásamt því að tengja markmið útinámsins hverju sinni við daglegt starf á deildinni.

Það reyndist mjög vel að fara með allan hópinn (23 börn og 3 starfsmenn plús stuðningur) í útinám einu sinni viku, það auðveldaði skipulagið á deildinni, öll börnin (líka yngri) fengu að fara í fleiri ferðir miðað við í fyrra þar sem þau yngri fóru í útinám aðra hvora viku.

Yngri hópur:

**TBR** ferðir féllu niður vegna heimsfaraldri.

**Heimilisheimsóknir:** Heimilisheimsóknir ganga út á það að næst elsti árgangurinn í leikskólanum fer með jafnöldrum sínum af deildinni og starfsmönnum að skoða heimilin sín að utan. Eitt af markmiðunum er að börnin læri að þekkja hverfið sitt betur ásamt því að tengja saman heimili barnanna og leikskólann.



Það var búið að ákveða í fyrra að hafa heimilisheimsóknir næst elstu barnanna á vorin þegar starfsmenn og börnin hafa kynnst hvort öðru betur. Hugmyndin var að það kæmi vel út að byrja heimilisheimsóknirnar í júní á meðan útideildin væri í gangi. Vegna fyrirhugaðra flutninga og framkvæmdum í álmunni var búið að ákveða að fella niður útideildina og fara í heimilisheimsóknir í maí. Þær heimsóknir heppnuðust mjög vel, 2 starfsmenn frá Dvergalandi fóru með yngri hópinn í ferðir einu sinni í viku og sömu starfsmenn sáu um úrvinnsluna tengd þessum. Eldri hópurinn var í leikskólanum á meðan.

### **Íslenska sem annað mál**

Markmiðið var að skapa málörvandi umhverfi í þeim tilgangi að auka orðaforða og skilning, lesa bækur við hæfi ásamt því að auka öryggi barnanna í samskiptum. Ætlunin var að lesa bækur fyrir börnin í litlum hópum á hverjum degi, setja orða á alla hluti og allar athafnir í daglegu starfi, nota 10 mín regluna ásamt því að tala skýrt og endurtaka orð/setningar á réttan hátt. Ákveðið var í haust að skipta hópnum eftir getu í leshópa en ekki hafa endilega matarhópana í lesstundum. Það var gert og gekk mjög vel, 2 leshópar voru búin til eftir getu og 1 lítill hópur til viðbótar (3-4 börn) var tekinn til hlíðar til að efla málörvun þeirra en deildarstjórinn sá oftast um þessar málörvunarstundir.

Úrbætur: Starfsmenn deildarinnar voru oftast meðvitaðir um að setja orð á hluti og athafnir í daglegu starfi ásamt því að endurtaka orð/setningar á réttan hátt. Börnin voru einnig hvött til þess að nota orðin sín í stað þess að benda á hlutina og að tala í lengri setningum. Lesið var daglega fyrir öll börn í 3 litlum hópum og bækur voru valdar eftir hæfi og áhuga barna. Það væri gott að halda auka sögustund eftir kaffitíma barnanna og bjóða þeim börnum sem hafa áhuga að vera með. Mikilvægt er að hafa 10 mín regluna í huga þar sem hún á það til að gleymast. Það þarf að leggja áherslu á að skrá á blað og starfsfólkið á að hjálpast að og minna hvort öðru að innleiða 10 min. regluna og skrá á blað. Þau börn sem sækja almennt meira í samskipti við starfsmenn fengu oftast málörvun heldur en þau börn sem halda sig meira til hlés og sækja síður í samskipti við starfsmenn.

### **Læsi**

Markmiðið með læsi er að efla málþroska, meðal annars málskilning, orðaforða og hljóðkerfisvitund, að börnin verði læs á umhverfið, jákvæð samskipti ásamt því að nýta Lubba



í daglegu starfi. Öll börn fara í sögustundir/samverustundir á hverjum degi og lesið er börnin minnst einu sinni á dag. Börnunum eru kenndar flóknari þulur/söngtextar og lögð er áhersla á læsishvetjandi umhverfi á deildinni. Eldri börnin fá að halda framsögn einu sinni yfir árið á meðan eru yngri börnin með minni og öðruvísi framsögn sem tengist bangsaheimsókninni yfir eina helgi. Öll börnin æfa framsagnahæfni með því að standa fyrir framan hóp af börnum og kennurum og segja frá hlut, upplífun eða annað sem tengist hverju barn í hverju sinni ásamt því að svara spurningum úr hópnum.

Vegna Covid-19 féllu bangsaheimsóknirnar niður á þessum skólaári.

Lesið var fyrir öll börn í litlum hópum á hverjum degi eftir hádegismatinn og var það undantekning ef svo var ekki gert. Lagt var upp með að hafa skipulagðar samverustundir á hverjum degi. Í samverustundum var lögð áhersla á að vinna með hljóðkerfisvitundina, ríma, klappa atkvæði og setja saman orð. Einnig voru lesnar bækur, lög sungin og farið með vísur.. Reynt var að leggja áherslu á læsishvetjandi umhverfi á deildinni þar sem meðal annars voru bókstafir, tölustafir og tölugildi gerð sýnileg ásamt ýmsum orðum sem tengjast daglegu starfi og lífi.

**TRAS:** Í haust var haldið TRAS námskeið fyrir þá sem hafa ekki farið áður og ákveðið var að allir deildarstjórar taki Tras könnun fyrir öll börnin á deildinni. Á Dvergalandi var Tras könnun gerð fyrir yngri hópinn. Tras er mjög góð leið til að þekkja börnin betur og kanna hvar þau eru stödd. Unnið er með niðurstöðurnar og börnin prófuð tvísvar á ári.

## Hringekja

Á mánudögum vorum við á Dvergalandi með stöðvavinnu sem heitir **Hringekja**. Börnum verða skipt í 4 litla hópa (5-6 börn í hóp), hver hópur verður í 20 mín á hverjum stað og unnið verður markvisst með þætti eins og málörvun, hljóðkerfisvitund (*Lubbi finnur málbein*), sköpun, tölur og stærðfræði, fínhreyfingar, spil, hreyfileikir og margt fleira.

Búið var að ákveða að hafa **Lubbastundina** sem partur af **hringekju** sem verður í samvinnu við Furðuland einu sinni í viku (starfsmaður frá Furðulandi kemur í okkar hringekju og sér um Lubbastundina), á mánudögum en þannig fá börnin að njóta sín á mismunandi stöðvum þar



sem starfsfólkið eru að deila með þeim þekkingu og áhugamál sem hver starfsmaður er sterkastur og bestur í.

Úrbætur: Heilt yfir gekk ágætlega að vinna að þeim markmiðum sem sett voru í tengslum við læsi. Starfsfólkið þarf að skipuleggja betur samverustundir áður en þær byrja, gott að hafa efni nálægt svo það þurfi ekki að leita og finna efni áður en samveran byrjar, það mátti koma með fleiri lög og fjölbreyttari þulur. Gott að hafa í huga að hafa fleiri leiki eða annað sem gerir samveruna áhugaverðara og meira spennandi fyrir börnin.

Það hefði mátt vinna markvissara með Lubba, hafa hundinn aðgengilegri, í hæð barnanna og jafnvel fletta Lubba hljóð og tákni meira í daglegu starfi. Jafnvel senda allt starfsfólkið á námskeið til að auka þekkingu og áhuga á Lubba efninu.

Framsagnir hjá eldri gengu mjög vel, börnin styrktust í að segja frá, lærðu mikilvægan þátt að hlusta, þau urðu öruggari með sér, fengu að vera í sviðsljósi í eitt dag og yfir heildina voru þau mjög spennt og áhugasöm bæði í að segja frá og að vera áhorfandi og fá að spyrja spurningar.

Hringekjan var nýr atburður á Dvergalandi og hún fór af stað mjög vel. Bæði börn og starfsfólk voru spennt og áhugasöm. Hringekjan gefur okkur tækifæri til að kynnast börnunum betur í litlum hópum, starfsfólkið gefur sér meira af börnunum, tekið er eftir hæfileika og áhugasvið þeirra en einnig tekið efir því sem vantar uppá hjá börnunum (sem gefur okkur hugmynd um þá þætti sem þarf að leggja áherslu á). Þetta er gæðatími kennara og barns sem hefur reynst öllum á deildinni mjög vel.

Gott væri að starfsfólkið noti undirbúningstímann sinn til að skipuleggja og undirbúa verkefni sem á að fara fram í hringekju. Einnig kom upp hugmynd um að gera góða skráningu á því sem gert er í hringekjunni t. d. að taka ljósmyndir og skrá niður hvað er gert, hvernig var gert og hvernig gekk. Miðað við að þetta fer fram í fyrsta skipti á Dvergalandi, þá gekk hringekjan yfirleitt mjög vel fyrir utan það að það getur verið truflandi þegar börn mæta í leikskólann eftir að hringekjan er byrjuð. Sérstaklega út af því að starfsmaður þurfti að standa upp frá hópnum, fara fram og taka á móti barni þar sem foreldrar máttu ekki koma inn.

**Barnamenningshátíð** féll niður en við höfum haldið okkur við að læra lögin og syngja þau áfram.





### 3.3 Álfaland

#### Læsi

Við settum sem markmið að læra mismunandi þulur í morgunsamveru. Frá september til maí hafa börnin lært 9 þulur en þær voru :

*Þumalfingur er mamma*  
*Dagarnir (Sunnudagur sagði)*  
*Sá ég lítið síli*  
*Karl til til orða*  
*Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum fyrsta erindi*  
*Fagur fiskur í sjó*  
*Horfumst við í augu sem grámyglur tvær*  
*Vont og gott*  
*Abba labba lá*

Okkur fannst þetta ganga mjög vel og börnin voru mjög áhugasöm. Morgunsamvera var á



hverjum degi þar sem var farið yfir mánaðarheiti, vikudaga og dagsetningu. Við vorum með umsjónarmenn í viku í senn sem þá voru veðurfræðingar í morgunsamveru og aðstoðuðu við að leggja á borð. Okkur fannst þetta reynast vel og lærdómstækifærin betur nýtt á þennan hátt. Lesið var á hverjum degi a.m.k. einu sinni á dag í litlum hópum. Lestrarstund eftir hádegismat var getuskipt. Það reyndist mjög vel. Við settum okkur sem markmið að

hafa sýnilegt ritmál á öllum húsbúnaði. Búið er að merkja mestan hluta af húsbúnaði deildar núna og verið að klára þá vinnu sem stendur. Samverustundir fyrir hádegismat voru nýttar í allskonar nám t.d minnisleiki, rímleiki og aðra hópleiki. Börnunum gefin tækifæri til að tjá sig / segja frá. Reynt var að hafa stundirnar fjölbreyttar. Stundum leyfðum við börnunum að kjósa um einhverja valkosti í samverustund og meirihlutinn fékk að ráða.



Við náðum tveimur bókasafnsferðum á skólaárinu svo setti covid19 stopp fyrir það. Skipt var í 2 hóp á bókasafnsferðunum sem reyndist vel. Okkur fannst öll börnin njóta sín betur í minni hópum.

**Úrbætur :** Á næsta skólaári langar okkur að vera með markvissari lestur og vera með áætlun um hvaða bækur eru lesnar. Það var eitt af markmiðunum síðustu umbótaáætlun en gekk ekki eftir . Einnig þarf að klára vinnu með gera ritmál sýnilegt á deildinni.

## Hringekja

Við vorum með hringekju á deildinni einu sinni í viku. Hringekjan var nýjung á leikskólanum og hugsuð út frá því að hver starfsmaður væri að sinna því sem hann væri sterkastur í. Börnunum var skipt í fjóra hópa sem voru með mismunandi áherslur Lubbi , stærðfræði, fínhyringar og hljóðkerfisvitund. Deildarstjórar sáu um Lubba og stærðfræði á báðum deildum. Það gaf



deildarstjórum tækifæri til að kynnst börnunum á hinni deildinni á annan hátt og reyndist mjög jákvætt. Í Lubbastundum lærðu börnin um sama máhljóðið 2 vikur í senn. Það reyndist vel fannst okkur. Litli Lubbi var ekki sendur heim vegna



COVID-19 en það er alltaf skemmtilegt þegar börnin koma með skráningar að heiman um hvað var gert og frábært tenging á milli leikskóla og heimilis. Hringekjan sjálf gekk ágætlega en okkur fannst komin þreyta þegar kom að síðasta hópi og fundum að það var orðið erfiðra að ná til þeirra enda heildartíminn á bilinu 70 – 80 mín. sem er töluverður tími fyrir þetta ung börn að vera í markvissri innlögn en reiknað var með um 15 – 20 mín á hvern hóp. Börnin fengu samt alltaf tækifæri til að leika sér aðeins á milli hópa.

**Úrbætur:** Það væri hægt að flétta fínhyringarnar inní annað starf á deildinni og hafa einn hópinn með hreyfingu / hreyfileikjum. Starfsfólk þarf að vera meðvitað um að leyfa börnunum að læra í gegnum leik og hafa starfið fjölbreytt. Við erum fyrst og fremst leikskóli og mikilvægt að standa vörð um leikinn þar sem börn á leikskólaaldri læra fyrst og fremst í gegnum hann.



## Útinám

Farið var í útinám einu sinni í viku. Til að byrja með var aðallega farið í Laugardalinn en einnig endurvinnsluferðir og rólóferð þá í sömu ferð. Börnin voru ánægð með rólóferðirnar en endurvinnsluferðirnar má hugsa uppá nýtt. Eitt af markmiðunum í síðustu umbótaáætlun síðustu var að hafa samvinnuverkefni í ferðunum og þannig efla hópinn og samvinnu á milli barna. Við létum þau oft vinna í þörum og þössuðum uppá að



þörin væru ekki alltaf þau sömu. Við



byrjuðum á heimilisheimsóknum í lok apríl og erum að klára þær í lok maí.

**Úrbætur:** Útinám hefði mátt vera fjölbreyttara og börnin mættu hafa meiri áhrif á hvað er gert. Það þarf að hafa í huga að börnin læra í gegnum leik og það þarf ekki alltaf að fara langt. Bæta má skráningar í ferilmöppu og úrvinnslu barnanna eftir útinám. Mikilvægt er að skipuleggja vinnu á deild þannig að deildarstjóri sé inni á deild þegar úrvinnsla á að fara fram til að fylgja því. Hægt væri að hafa einn útinámsstjóra í álmunni sem sæi um að skipuleggja útinámið. Það væri áhugavert að leyfa börnunum að meta hverja ferð og sjá hvað kemur út úr því. Endurvinnsluferðir í gámanna eru smá vafasamar þar sem þar vill vera ansi sóðalegt og spurning hvort ekki megi frekar leyfa börnunum að fara með að tæma pappír og plast í tunnurnar hjá leikskólanum t.d. umsjónarmönnum vikunnar.

## Íslenska sem annað mál

Tvítýngd börn sem þurftu einfaldari bækur voru í sér sögustund. Við ræddum börn á deildarfundum sem þurfti að huga betur að með 10 mínútna regluna í huga. Námstækifærin voru vel nýtt t.d. með umsjónarmönnum. Starfsmenn voru duglegir að leggja orð á athafnir. Sjónrænt dagsskipulag nýtist líka þessum hópi sélega vel.



**Úrbætur:** Við hefðum mátt vera mun duglegri að nota 10 mínútna regluna með þessum hópi sem og öllum öðrum börnum. Við vorum ekki að nýta einn leikskóli mörg tungumál nema að litlu leyti. En það er frábært tæki til að halda utan um framfarir hjá þessum hópi. Gott er að nýta það form sem einstaklingsáætlun fyrir þau börn sem þarf að fylgjast sérstaklega með.

## Tras

Deildarstjóri fór á TRAS námskeið og fyllt var út TRAS fyrir öll börnin á deildinni. Á næsta ári erum við reynslunni ríkari og ætlum að nota TRAS markvissara til að fylgjast með einstaklingsframförum.

## 3.4 Undraland

Skólaárið 2021-2021 voru fjórir starfsmenn í fullu stöðugildi á Undralandi en einn af þessum fjórum starfsmönnum sá einnig um afleysingar á annarri deild. Fyrir áramót voru 20 börn fædd 2016 á deildinni en eftir áramót voru 18 börn fædd árið 2016 og 4 börn fædd árið 2017, samtals 22 börn.

Þrjár megin áherslur eru í daglegu starfi á Langholti, útinám, læsi og íslenska sem annað mál.

## Útinám

Farið var með öll börnin á deildinni í útinám einu sinni í viku eins og lagt var upp með í byrjun skólaárs. Það kom einstaka sinnum fyrir að það þurfti að fella niður útinámið vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Markmiðið var að tengja útinámið við starfið á deildinni ásamt því að veita börnunum tækifæri til þess að njóta sín í útveru og kynnast nærumhverfi leikskólans. Farið var í ferðir í Laugardalinn, á nokkra leikvelli, í göngutúra um hverfið ásamt því að nýta ýmis svæði í nágrenni leikskólans. Meðal annars var unnið með hluti úr náttúrunni, formin, tölustafi, tölugildi, lesnar sögur og farið í ýmsa leiki. Lögð var áhersla á að öll innlögn væri skemmtileg og færi fram í gegnum leikinn. Reglulega voru gerðar skráningar með myndum úr útináminu og gerðu börnin ýmis verkefni og úrvinnslur eftir ferðirnar.

Vorið 2021 voru heimilisheimsóknir þar sem næst elsti árgangur leikskólans fór með jafnöldrum sínum af deildinni og starfsmönnum að skoða heimilin sín að utan. Eitt af markmiðunum er að börnin læri að þekkja hverfið betur ásamt því að tengja saman heimili barnanna og leikskólann.



**Úrbætur:** Að vissu leyti hefði útinámið mátt vera markvissara og betur skipulagt, sérstaklega í upphafi skólaársins. Í einhverjum tilfellum var skipulagið hugsanlega of mikið þar sem sum barnanna virtust vera búin að fá nóg og vildu komast í frjálsan leik. Það hefði mátt leggja meiri áherslu á að tengja útinámið á markvissari hátt við daglegt starf á deildinn, t.d. með því að nýta Lubbi finnur málbein, læsi og stærðfræði við skipulagningu. Að lokum væri hægt að gera útinámið markvissara ef einn starfsmaður myndi sjá um skipulagningu fyrir álmuna í þeim tilgangi að öll börn á ÁL og UL færu í eins ferðir og fengju sömu kennslu í útináminu. Að lokum væri gott að auka áherslu á sjálfbærni í útináminu t.d. með því að efla umhverfisvitund barna, leggja aukna áherslu á flokkun og gróðursetningu í gróðurkassa á lóð.

## Læsi

Markmiðið með læsi er að efla málþroska, meðal annars málskilning, orðaforða og hljóðkerfisvitund, að börnin verði læs á umhverfið, jákvæð samskipti ásamt því að nýta Lubba í daglegu starfi. Öll börn fara í morgunstundir, sögustundir og samverustundir á hverjum degi og lesið er börnin minnst einu sinni á dag. Lögð er áhersla á læsishvetjandi umhverfi á deildinni.

Lesið var fyrir öll börn á hverjum degi og var það undantekning ef svo var ekki. Eftir að styttingin tók gildi í desember 2020 reyndist það flókið að finna fastan tíma fyrir lesstundir í daglegu skipulagi. Það kom því fyrir að ekki var alltaf hægt að lesa fyrir öll börn daglega í litlum hópum þó svo að það hafi yfirleitt alltaf verið lesið fyrir þau.

Unnið var markvisst með Lubbi finnur málbein á deildinni. Einu sinni í viku var hringekja þar sem voru skipulagðar Lubbastundir og voru börnin til dæmis að æfa sig að tengja saman hljóðin, læra táknrænar hreyfingar fyrir hvert hljóð og fara yfir ýmis orð og/eða myndir sem tengdust máhljóðunum. Einu sinni í viku var Lubba samvera þar sem lag og texti úr bókinni Lubbi finnur málbein var lesið, farið yfir orðin sem tengdust máhljóðinu og klöppuð atkvæði ásamt táknrænum hreyfingum fyrir máhljóðið. Alla morgna voru morgunfundir þar sem farið var yfir daginn og veðrið, út frá sjónrænu skipulagi og veðurfræðingum og í lok stundarinnar var lagið fyrir máhljóð vikunnar sungin. Einnig voru málbeinin hans Lubba nýtt í kaffitímanum og að lokum voru máhljóðin og tákn allra barnanna á deildinni sýnileg.

Lagt var upp með að hafa skipulagðar samverustundir á hverjum degi. Í samverustundum var meðal annars lögð áhersla á að vinna með hljóðkerfisvitundina, rím, samstöfur, samsett orð, hljóðgreiningu og orðhlutaeyðingu. Einnig voru lesnar bækur, sagðar



loðtöflu sögur, ýmis lög sungin og farið með vísur. Oft var farið í ýmsa leiki sem reyna á athygli barnanna, YOGA og slökunaræfingar, fyrirmælaæfingar, spurningaleikir með bolta, unnið með afstöðuhugtökin, bókstafina, tölustafina, tölugildin o.m.fl.

Reynt var að leggja áherslu á læsishvetjandi umhverfi á deildinni þar sem meðal annars voru bókstafir, tölustafir og tölugildi gerð sýnileg ásamt ýmsum orðum sem tengjast daglegu starfi og lífi.

**Úrbætur:** Heilt yfir gekk vel að vinna að þeim markmiðum sem sett voru í tengslum við læsi. Mikilvægt er að finna fastan tíma fyrir lesstundir í litlum hópum til þess að minnka líkurnar á því að þær stundir falli niður og tryggja að hóparnir haldist litlir. Læsishvetjandi umhverfi á deildinni hefði mátt vera fjölbreyttara og sýnilegra. Hægt er að bæta það með því að hafa ritmál sýnilegra ásamt því að merkja betur alla hluti og leikföng á deildinni. Að lokum hefði mátt leggja meiri áherslu á að kenna börnunum flóknari þulur og söngtexta.

### Íslenska sem annað mál

Markmiðið var að skapa málörvandi umhverfi í þeim tilgangi að auka orðaforða og skilning, lesa bækur við hæfi ásamt því að auka öryggi barnanna í samskiptum. Reynt var að lesa daglega fyrir öll börn í litlum hópum en það hefði mátt leggja meira upp úr því að lesa oft og einfaldari bækur fyrir þau börn sem hafa íslensku sem annað mál og þau börn sem þurfa á aukinni málörvun að halda. Lögð var áhersla á að setja orða á alla hluti og allar athafnir í daglegu starfi ásamt því að tala skýrt og endurtaka orð/setningar á réttan hátt.

Starfsmenn deildarinnar voru oftast meðvitaðir um að setja orð á hluti og athafnir í daglegu starfi ásamt því að endurtaka orð/setningar á réttan hátt. Börnin voru einnig hvött til þess að nota orðin sín í stað þess að benda á hlutina og að tala í lengri setningum.

**Úrbætur:** Þau börn sem sækja almennt meira í samskipti við starfsmenn fengu oft málörvun heldur en þau börn sem halda sig meira til hlés og sækja síður í samskipti við starfsmenn. Vert er að hafa mikilvægi málörvunar fyrir þennan hóp barna einnig í huga. Það að nota 10mín regluna á markvissan hátt eykur líkurnar á því að starfsmenn verði meðvitaðri um hvaða börn þurfi aðstoð við félagsfærni eða aukna málörvun.

Mikilvægt er að innleiða notkun á leiðavísir um skráningu á framförum barna í íslensku sem öðru máli, Einn leikskóli – mörg tungumál. Auknar líkur er á því að starfsmenn öðlist betri



yfirsýn yfir það hvar börn sem eru tvítyngd eða með annað móðurmál en íslensku eru stödd í málþroska og þar af leiðandi verður auðveldara að staðsetja þau og halda utan um framfarir.

## Hringekja

Stefnt var að því í upphafi vetrar að hringekja væri eini sinni í viku. Það gekk ágætlega og hélst þegar starfsmannafjöldi leyfði. Lagt var upp með að hver starfsmaður tæki að sér sjá um þann þátt í hringekjunni sem hann var sterkastur í. Deildarstjórnarar í álmunni sáu um Lubba og stærðfræði á báðum deildum og fengu því tækifæri á að kynnast betur börnunum á hinni deildinni.

Þegar allir starfsmenn voru mættir var hringekja á fjórum stöðum. Það var misjafnt hvort að við sátum við borð eða í hring á gólfinu en við reyndum að leggja áherslu á að verkefnin væru fjölbreytt og hægt væri að nálgast það sem var gert í gegnum leikinn. Á einni stöð var unnið með bókina Lubbi finnur málbein og var hvert máhljóð tekið fyrir í tvær vikur í senn. Í þessum stundum voru börnin til dæmis að æfa sig að tengja saman hljóðin, læra táknrænar hreyfingar fyrir hvert hljóð og fara yfir ýmis orð og/eða myndir sem tengjast máhljóðunum. Á annarri stöð var málörvun þar sem unnið var með hljóðkerfisvitundina, til dæmis með því að ríma, klappa atkvæði, taka í sundur og setja saman orð, finna fyrsta staf í orðum o.fl. Á þriðju stöðinni var skapandi starf þar sem börnin æfðu sig meðal annars í því að skrifa nafnið sitt, klippa, mála, líma, perla, púsla ásamt því að gera önnur verkefni sem reyndu bæði á fínhyringar og samhæfingu. Á fjórðu stöðinni var unnið með stærðfræði þar sem við spiluðum mikið og unnum meðal annars með formin, tölustafina, tölugildi, stærðarhugtök, afstöðuhugtök, eintölu og fleirtölu. Hver starfsmaður var með hóp í 20 mínútur og vann verkefni með hópnum sem var fyrirfram skipulagt.

**Úrbætur:** Þegar allir starfsmenn voru mættir var hringekja á fjórum stöðum en þegar einn starfsmaður vantaði féll niður sá þáttur sem hann hélt utan um og börnunum var skipt niður á þrjár staði í staðinn fyrir fjóra. Það gerðist nokkrum sinnum yfir skólaárið. Fljótlega urðum við varar við að 20 mínútur væru full langur tími og við fundum oft fyrir miklum einbeitingarskortum hjá hópnum á seinustu stöðinni. Við veltum því fyrir okkur hvort að það væri vert að stytta tímenn niður í 15 mínútur eða skipta börnunum í þrjá hópa í staðinn fyrir fjóra. Einnig tókum við eftir því að það er mikilvægt að starfsmannahópurinn skipuleggi stundirnar í sameiningu til þess að koma í veg fyrir að það sé til dæmis verið að klippa eða lita á tveimur stöðum og



hægt sé að passa upp á fjölbreytileikann í stundunum. Einnig þarf að passa upp á það að börnin þurfi ekki að sitja allan tímann og því mikilvægt að notast við hreyfingu / hreyfileiki í stundunum.

## 10 mín reglan

**Úrbætur:** Búið var að taka ákvörðun um að nota 10 mín regluna markvisst í starfi sem var ekki gert. Því er mikilvægt að innleiða 10 mín regluna á markvissan hátt og vera búin að ákveða það fyrirfram hvaða börn eigi að vinna með hverju sinni ásamt því að starfsmenn haldi utan um það með þar til gerðum skráningarblöðum.

### 3.5 Smálönd-Lundur

Í Lundi eru 14 börn fædd árið 2017. 8 stelpur og 6 strákar.

Það sem við höfum lagt áherslu á í vetur er læsi, útinám og íslenska sem annað mál.

#### Læsi

Sögur og samverustundir eru 2x á dag. Alltaf lesið fyrir öll börn að minnsta kosti 1x á dag.

Börnunum í Lundi er skipt upp í 3-4 getuskipta lestrarhópa. Lesið er fyrir þau í þessum hópum á hverjum degi. Við reynum að velja bækur sem hentar hverjum hópi. Stundum hafa hóparnir val um 2 mismunandi bækur og þá fer fram lýðræðisleg kosning. Rætt er um innihald bókanna og spurningum varðandi innihaldið svarað.

Bækur eru mjög aðgengilegar í bókaskáp sem snýr fram og skiptum við út reglulega. Við höfum 3 tiltæka bókakassa sem rúlla á milli vikna. Við erum líka duglegar að fara á bókasafnið og sækja okkur nýjar bækur. Því miður vegna covid-19 hafa sögustundir fyrir börnin dottið niður en það kemst vonandi á sem fyrst.





Lögð er áhersla á hljóðkerfisvitund í samverustundum, sem tengist líka inn í útinámið okkar og reynum við almennt að koma þessu að í daglegu starfi. Erum t.d. mikið að ríma þessa dagana. Einnig klöppum við atkvæði, tökum í sundur eða setjum saman orð og æfum okkur að fara eftir fyrirætlum af fyrirætlaspjöldum.

Á morgunfundum eru æfðar þulur t.d. karl tók til orða, fingraþula og lubbavísurnar.

Læsishvetjandi umhverfi – allt sem hægt er að merkja höfum við merkt, s.s. húsgögn og leikföng. Leikföng eru merkt bæði með myndum og orðum. Allt starfsumhverfið er læsishvetjandi. Bókstafir og tölustafir eru hangandi uppi á vegg í sýnilegri hæð barnanna sem og sjónrænt dagsskipulag. Hólf barnanna eru merkt með nöfnum barnanna og forráðamanna þeirra.

Ferilmöppur barnanna eru mjög aðgengilegar í hæð barnanna og eru mikið skoðaðar.

### **Lubbi finnur málbein**

Lubbi hefur gengið vel en börnin eru að hjálpa hundinum Lubba að læra íslensku máhljóðin.

Við erum dugleg að nota beinin í kaffitímanum, þau eru merkt með nöfnum barnanna.


Börnin draga bein með nafni og bjóða því barni að koma að drekka. Samveruþlássin eru merkt með nöfnum barnanna (Lubbabein) í þeirra hæð. Við æfum táknið, syngjum vísurnar á hverjum morgni og gerum stafaverkefni úr máhljóðunum sem við höfum tekið fyrir. Þau sýna þessu mikinn áhuga og eru dugleg að syngja.



Erum aðeins byrjaðar að nota frásagnir með verkefnum. Þegar börnin vinna verkefni eru þau hvött til að segja frá því sem þau voru t.d. að mála eða teikna og það hengt upp á vegg með listaverkinu. Þau eru hvött til að skrifa stafinn sinn eða nafn ef þau treysta sér til þess til að merkja myndirnar sínar.

Veðurfræðingar skoða veðrið kl. 9 á morgnana og út frá því taka börnin ákvörðun um klæðnað dagsins með aðstoð kennara. Börnin fara svo inn með fataspjaldið úr

fataklefanum og sýna og segja börnunum hvernig veðrið er og hvaða klæðnaður er þann daginn. Myndir af klæðnaði og veðri dagsins er hengt á segultöflu inn á deild þar sem börnin geta skoðað hvenær sem er. Dagskipulagið er líka sýnilegt á segultöflunni.




## Útinám

Á hverjum miðvikudegi höfum við farið í útinám. Við völdum okkur tré saman og höfum fylgst með árstíðarbreytingum á því og unnið árstíðarverkefni samhliða því. Tréð er staðsett í Laugardalnum og förum við einu sinni í mánuði og skoðum það og fylgjumst með breytingum.







Áður en við leggjum af stað förum við yfir útinámsreglurnar sem börnin bjuggu til með kennara á morgunfundi.

Þess á milli höfum við unnið önnur verkefni sem við tengjum okkar daglega starfi, t.d verkefni með tölur, stafi, fjölda, form, rím og liti. Í þessum ferðum koma börnin með hugmyndir að staðsetningu og þá er tekin lýðræðisleg ákvörðun, út frá kosningu, á morgunfundi hvert við ætlum að fara. Við vinnum svo úr þessum ferðum þegar heim er komið.

Skráningar með myndum og texta eru unnar eftir hverja ferð, þær hengdar upp í fataklefa þar sem börn og foreldrar geta nálgast þær og rætt sín á milli. Þessar skráningar eru líka sendar heim með tölvupósti í lok hverrar viku.

Úthald barnanna hefur aukist til muna og þau hafa alltaf jafn gaman að þessum ferðum.

Við byrjum flestar ferðir á því að kíkja á Esjuna og taka stöðuna á veðri.

Áætlun vetrarins hefur staðist.



## Íslenska sem annað mál

Það er lesið daglega fyrir tvítyngdu börnin í litlum hópum og einstaklingslega þegar þau biðja um það. Við setjum orð á alla hluti og athafnir. Reynum að vera skýrar í tali og endurtökum á réttan hátt.

10.mín reglan er notuð en við þurfum að vera duglegri að skrásetja það.

Fánar landanna eru uppi og kveðjur á þeirra tungumáli.

Við sjáum miklar framfarir hjá tvítyngdu börnunum hvað skilning og orðaforða varðar og öryggi í samskiptum hefur aukist til muna.



Við viljum gera betur í þessum málaflokki og stefnum að því á næstu önn.

## 3.6 Smálönd – Skáli

### Læsi

Í vetur höfum við verið dugleg að lesa fyrir börnin.


Við notum samveruna til að lesa fyrir börnin, syngja og fara í ýmsa orðaleiki. Börnin fara líka í lesstund alla daga, þar er þeim skipt í minni hópa og erum við að lesa sögur sem hæfa hverjum hóp fyrir sig.



Bækur eru aðgengilegar fyrir börnin, þær eru í bókahillu þar sem börnin geta nálgast þær þegar þau vilja. Í hverri viku skiptum við um bækur í bókahillunni okkar, við erum með þrjá bókapakka sem við skiptumst á að nota. Börnin biðja okkur líka um að lesa bækurnar sem þau eru að skoða og gerum við það þegar við getum. Í vetur höfum við því miður ekki getað farið í sögustund á bókasafninu vegna Covid, vonandi getum við farið þangað næsta vetur.



Börnin á deildinni eiga öll ferilmöppur með verkefnum sem þau hafa gert og ýmsum skráningum. Möppurnar eru mjög aðgengilegar fyrir þau til að skoða og finnst þeim mjög gaman að skoða möppurnar og ræða verkefni sem eru í þeim.



Við erum meðvituð um að setja orð á athafnir hjá okkur í öllu daglegu starfi hjá okkur, þar með erum við góðar málmyndir fyrir börnin á deildinni.

Bók- og tölustafir eru sýnilegir í hæð barnanna á deildinni sem þau skoða mikið. Við höfum merkt leikfangakassa á deildinni okkar en börnin hafa verið dugleg að fjarlægja merkingarnar og þurfum við að finna góða lausn til að þær merkingar haldist betur. Við höfum ekki verið dugleg að merkja húsgögn og þá hluti sem eru á deildinni okkar og ætlum við að bæta úr því sem fyrst.

Í vetur höfum við verið að læra máhljóðin með Lubba. Börnin eru áhugasöm þegar við leggjum inn nýjan staf. Við gerum verkefni með hverjum staf sem við hengjum uppá vegg. Spjöld með máhljóðum vikunnar hanga uppá vegg og eru sýnileg börnunum

## Útinám

Í vetur höfum við verið að fylgjast með tré í nágrenni leikskólans og sjáum það breytast eftir árstíðum.



Í upphafi skólaársins fórum við í styttri gönguferðir og skoðuðum nær umhverfi leikskólans. Þegar líða fór á skólaárið þá lengdust ferðirnar okkar og höfum við undanfarið farið í Laugardalinn og gert ýmis verkefni þar.



Í ferðunum erum við að spjalla um það sem fyrir augu okkar ber og finnst okkur börnin læra á umhverfið sitt í þessum ferðum. Börnin hafa verið að læra helstu umferðareglur og einnig höfum við verið að skoða form og liti í umhverfinu okkar.

Eftir hverja ferð er gerð skráning um ferðina sem við hengjum upp þar sem foreldrar geta séð hvað við gerðum hverju sinni.



### Íslenska sem annað mál

Tvítyngdu börnin eru saman í lestrarhóp sem er einu sinni á dag. Við veljum bækur sem henta þessum börnum, einfaldur texti og ræðum um það sem við höfum verið að lesa.

Við höfum líka tekið tvítyngdu börnin úr samverunni og lesið fyrir þau ein og sér, þar erum við að kanna skilning þeirra og gera það sem við getum til að auka orðaforða þeirra.

Það er mikilvægt að leggja orð á allar athafnir í samskiptum við þessi börn, einföld og skýr skilaboð.

## 3.7 Rauðaland

### Útinám

Fyrsta ferðin okkar út fyrir lóðina í gönguferð var í nóvember og gekk mjög vel. Við fórum svo í fleiri ferðir eftir það og alltaf með helminginn af hópnum í einu. Eftir áramót fórum við smám saman að auka við ferðirnar og í febrúar/mars fórum við að festa niður einn dag í viku í útinámið og gerðum þá ráð fyrir að hvert barn færi aðra hvora viku. Okkur finnst fínt að fara rólega af stað í útinámið enda öll börnin að koma ný inn svo nauðsynlegt að þau nái að aðlagast vel og vera örugg hér áður en við förum af stað í ferðir.



Við vorum ekki með fyrirfram ákveðin verkefni útináminu og okkur finnst við geta bætt því við hjá okkur allavega eftir áramót og eins viljum við bæta við skráningu á ferðunum en í vetur höfum við ekki verið að gera það. Við myndum því vilja vera dugleg að skrá eftir hverja ferð og vera með skráningu og myndir úr ferðunum sýnilega fyrir foreldra í fataklefanum. Við stefnum á að bæta því við næsta vetur.

## Læsi

Strax í haust kynntumst við öll Lubba enda er hann alltaf inni á deild og börnin fá að vera með hann eins og þau vilja og eins vorum við dugleg að hlusta á Lubbalögin. Í október fórum við að taka fyrir máhljóðin en einhvern veginn tókst okkur ekki að festa það í sessi og vorum því ekki að fylgja því nógu vel eftir. Við bættum úr því eftir áramót og fórum smám saman að taka hvert máhljóð fyrir í tvær vikur í senn og hefur það gengið mjög vel. Það hangir svo alltaf uppi í fataklefanum hvaða máhljóð við erum með hverju sinni og hvaða lag er sungið auk þess sem við sendum þær upplýsingar til foreldra svo hægt sé að vinna með það heima líka.

Við skiptum hópnum í tvennt í samverustundum og erum með tvær samverustundir á dag. Við nýtum samverustundirnar í að syngja, spjalla saman og lesa bækur. Annars erum við að lesa og skoða bækur með börnunum öðru hvoru yfir daginn alla daga. Allar samverustundir byrja á því að fara yfir máhljóðið og syngja Lubbalagið. Við erum með bækur og lagalista sem er sérstaklega ætlaður fyrir samverustundir og gott að grípa í þegar tækifæri gefst yfir daginn.

Við höfum líka verið með leshópa en þá getuskiptum við hópnum og förum í lestrarstund, förum yfir Lubba og lesum bækur auk þess sem við erum með auka málörvunarstundir fyrir þau sem þess þurfa.

Við myndum vilja vera duglegri að kenna börnunum þulur og stefnum á að bæta úr því. Vera með lagalista og þulu fyrir hvern mánuð.

Ritmálið mætti vera sýnilegra hjá okkur og við stefnum á að gera betur þar.





## Íslenska sem annað mál

Við erum mjög meðvituð um að setja orð á hluti og athafnir og nýtum allar stundir (fataklefi, matartíminn, skiptitímar). Höfum líka verið með auka málörvunarstundir.

Höfum ekki verið að vinna markvisst með 10 mínútna regluna og þurfum að bæta úr því, erum meðvituð um hana en höfum ekki náð að festa hana í sessi og skrá niður og eins þurfum við að nýta okkur Einn leikskóli, mörg tungumál.

### 3.8 Bláaland

Á Bláalandi voru 18 börn, 10 stúlkur og 8 drengir fædd árið 2018. Aldurinn var óvenju dreifður þar sem elsta barnið á afmæli í janúar og yngsta í desember og munar þar miklu þegar um er að ræða tveggja og þriggja ára gömul börn.

**Útinám** fór hægt og seint af stað. Hópnum var skipt í tvennt og markmiðið var að fara á þriðjudögum. Gleymdist einfaldlega í amstri haustsins. Gott væri að setja það strax inn í skipulag, til dæmis frá og með október. Þarf að undirbúa vel og jafnvel velja þema fyrir hvern mánuð.

Frá og með janúar var útinámið markvisst og gekk vel, bættum við miðvikudögum svo báðir hópar fóru vikulega.

Í mars voru börnin spurð á hvað þau vildu helst leggja áherslu á að gera í útinámi og þá vildu þau taka ávexti og bækur með og hafa ávaxta- og sögustundir.

**Íslenska sem annað mál** fór ekki á flug hjá okkur í vetur. Þrjú börn á deildinni tala annað mál en íslensku og tvö þeirra eru með íslensku sem ríkjandi málið. Helsta aukapjálfunin sem þau fengu voru fleiri lestrarstundir og 10 mínútna reglan var notuð oftast með þeim.

**Læsi** gekk mjög vel. Lestarstundir voru margar og góðar og markvissar yfir veturinn. Lagt var mikið upp úr því að öll börn fengju a.m.k. eina lestrarstund á dag við sitt hæfi, helst og oft fleiri en eina.



Vinna í kring um Lubba fór af stað í október og fékk hvert máhljóð tvær vikur. Lubbi kom í heimsókn í samverustund þegar öll börnin voru í einni samveru. Hann byrjaði á að heilsa hverjum og einum, sum vildu klappa honum og önnur knúsa hann. Svo sungum við lag vikunnar tvisvar til þrisvar og fórum svo yfir hvert og eitt barn og þeirra hljóð. Stundum sungum við fleiri Lubbalög, og svo kvaddi Lubbi á sama hátt og hann heilsaði. Þegar líða tók á veturinn stækkaði umræðan í kring um máhljóðin, svo sem hvaða fleiri orð eða fólk byrji á máhljóðinu og svo framvegis.

Ritmál hefði mátt vera sýnilegra. Mikilvægt að merkja leikföng og hluti í skólastofunni í hæð barnanna svo þau geti skoðað. Nöfnin þeirra voru alltaf sýnileg með mynd af þeim sjálfum en leggja má meira upp úr fleiru en nöfnunum.

### 3.9 Gulaland

Veturinn 2020 -2021 voru á Gulalandi 17 börn. 13 fædd 2018 og 4 fædd árið 2019. Á deildinni voru 7 stelpur og 10 strákar. Fastir starfmenn deildarinnar voru fjórir en miklar starfsmanna breytingar voru þennan veturinn. Um áramótin tók stytting vinnuvikunnar gildi og í lok veturs fór einn starfsmaður heim kl. 13:00 annar kl. 13:15 og þriðji fer klukkan 15:00 þrjá daga vikunnar sitthvorn en deildastjóri safnar sínum styttingum. Áherslupættir leikskólans eru: Læsi í víðum skilningi, útinám og íslenska sem annað mál. Megin áherslur fræðilegs starfs á Gulalandi er að setja orð á alla hluti sem við gerum, læra litina, fyrstu 10 tölurnar, kenna þeim að leika sér og tjá sig með orðum við önnur börn og ná að fara yfir öll máhljóð Lubba. Í útináminu erum við fyrst og fremst að kenna þeim á umhverfið sitt og kenna þeim að ferðast í hóp og læra að vera út í náttúrunni. Einnig vinnum við mikið með sjálfshjálp og á þessum aldri er það aðalega í tengslum við að klæða sig í útiföt og biðja um aðstoð.

**Endurmat á starfi vetrarins:** Veturinn fór mikið í starfsmannaveltu og margir starfsmenn byrjuðu og hættu. Nýr deildarstjóri tók við í apríl eftir veikindaleyfi fyrr deildarstjóra og hafði sú fjarvera áhrif á starfið. Prófað var að skipta börnunum niður í fjóra hópa á morgnanna og fara í hópastarf frá 9-10 á morgnanna. Það hefur gengið mjög vel og þar fer fram allskonar þjálfun eins og að klippa, spila púsl, lúdó og rólegur leikur með starfsmanni hjá sér. í lok



hópastarfsins er síðan sögustund fyrir útiveru. Það gengur mjög vel að hafa fjóra hópa en þegar vantar starfmann er samt farið í hópastarfið en þá í þremur hópum. Mikilvægt er síðan að ná þeim í tvær samverur eftir útiveru og þar er lesið eða sungið á meðan bleyjuskipti eiga sér stað.

#### 4 Innra mat sérkennslu

##### Mat á sérkennslu 2020-2021

<p><b>Skipulagning sérkennslu 2020-2021</b>  Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.  Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Eitt barn var með 8 klst. stuðning. Það barn fór í 3 einstaklings vinnustundir á dag og fór önnur þjálfun fram inni á deild í daglegu starfi. Einn starfsmaður hafði yfirumsjón með sérkennslu þess barns með aðstoð sérkennslustjóra.</p> <p>Unnið var eftir hugmundafræði Skipulagðrar kennslu í vinnu með barninu undir handleiðslu sérkennsluráðgjafa á Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis. Sérkennslustjóri og sérkennari fóru á námskeið hjá Greiningarstöð í Skipulagðri kennslu í janúar 2021.</p>
<p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b>  Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Fyrir þau börn sem eru með sérstaka aðkomu t.d. vegna gruns um málþroskaröskun eða seinkun í þroska var skráð í Efi-2, AEPS I og AEPS II. Skráð var TRAS fyrir öll börn í leikskólanum og elstu börnin fóru í Hljóm-2.</p> <p>Sérkennslustjóri fór á námskeið í Íhlutun eftir TRAS hjá Endurmenntun háskóla Íslands vorið 2021</p>
<p><b>Hvaða námsefni var notað?</b>  Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Notað var efni kennt við <i>Lubbi finnur málbein</i>. Einnig voru gögn í anda <i>Skipulagðrar kennslu</i> notað í einstaklingskennslu þar sem það átti við og voru þau heimatilbúin.</p> <p>Spil frá fyrirtækinu Orchard og Nathan notuð í málörvun. Einnig var notuð bók sem</p>





	heitir <i>The processing program 2nd edition</i> frá Super duper.
--	---

### Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig metið/aðfe rðir?	Viðmið um árangur
Skráningar málörvunar	Að efla skráningu einstaklings -stunda	Búa til möppur fyrir hvert barn með einstaklings- námskrá og skráningarblöðum . Þar koma einnig fram markmið hverjar vinnulotu.	Sérkennslu -stjóri eða sá sem sér um málörvun einstaka barns.	Vetur 2021-2022	Einu sinni í mánuði er farið yfir möppurnar og kannað hvort búið sé að uppfæra gögn.	Að vori sé búið að fara yfir einu sinni í mánuði yfir möppurnar og nýjustu gögn eru inni.
Vinna eftir einstaklingsnám skrá	Að auka markvissa vinnu eftir einstakling s-námskrá á deildum	Að fá deildarstjóra með í að vinna námskrá fyrir barn á þeirra deild og kynna fyrir deildarfólki	Sérkennslu -stjóri	Vetur 2021-2022	Funda með deildarstjóra um hvernig gengur og halda utan um að námskrá sé uppfærð reglulega.	Jákvæðni í garð námskrár- gerðar og vinnu sem henni fylgir.
Upplýsa starfsfólk um málörvunarefni og efni fyrir	Að stafsmenn hafi greiðan aðgang að góður efni til að nota	Setja efni inn í möppu á almenna svæðinu sem er aðgengilegt öllum og uppfæra það reglulega. Kynna fyrir starfsfólki.	Sérkennslu -stjóri	Vetur 2021-2022	Taka stöðuna á stjórnendatey mis- fundum og kanna hvort vöntun sé á efni og	Kanna hvaða efni starfsmenn vilja hafa inni á svæðinu og



vinnu með félagsfærni	í málörvun og vinnu með félagsfærni				hvort fólk sé að nýta sér efnið.	hvaða efni vantar.
-----------------------	-------------------------------------	--	--	--	----------------------------------	--------------------

## 5 Innra mat – fjöltyngd börn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Keypt voru spil og önnur námsgögn til að nýta í málörvun.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Allir starfsmenn eru meðvitaðir um mikilvægi þess að leggja orð á allar athafnir. Sett er upp myndrænt dagskipulag öllum deildum þar sem farið er yfir daginn í máli og myndum. Unnið er með <i>Gefðu 10</i> á öllum deildum en skráningar eru ábótavanar.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Öll börn eru í leshópum á deildunum sínum. Á sumum deildum er börnunum skipt í hópa eftir þeirra stöðu í íslensku eða málþroska. Í eldri barna húsinu eru öll börn saman á morgunfundum og samverustundum óháð stöðu í íslensku eða málþroska. Það mætti hafa í huga að hóparnir í samverustundunum séu minni til að tryggja að allir geti nýtt sér samverustundirnar til kennslu og eflingu orðaforða.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Haldið er utan um skráningu á málþroska allra barnanna í leikskólanum með TRAS og öll elstu börnin fara í Hljóm-2.  <i>Ætlunin var að skrá í Einn leikskóli mörg tungumál</i> fyrir öll fjöltyngd börn í leikskólanum en hefur það ekki verið gert. Ekki hafa verið gerðar sérstakar einstaklingsáætlanir fyrir þennan hóp.  Þau börn sem eru lengst að ná tókum á íslenskunni hafa verið í litlum lestrarhópum,



	verið sett í 10 mín regluna og þau yngstu hafa verið með myndrænan stuðning við tungumálið.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já.

### Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Skráningar</b>	Efla skráningu á stöðu fjöltyngra barna í íslensku	Nota <i>Einn leikskóli mörg tungumál.</i>	Tengiliður fjölmennningar í Langholti	Vetur 2021-2022	Tengiliður fjölmennningar fer yfir skráningar með deildarstjóra eftir fyrstu skráningu. Í janúar er aftur kannaðar skráningar.	Að skráð sé í listann amk þrisvar sinnum jafnt yfir árið, haust, áramót og vor.
<b>Virk málörvun á deildum</b>	Efla ábyrgð deildarstarfsmanna á námi og örvun fjöltyngra barna.	Mynda teymi um málörvun barna þar sem fulltrúar flestra deilda sitja.	Teymisstjóri um málörvun barna	Vetur 2021-2022	Að á hverri deild beri einhver ábyrgð á málörvun barna sem það þurfa.	Að málörvun sé inni í skipulagi deila



## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í apríl að þessu sinni. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri skiptu þeim á milli sín vegna sóttvarnarhólfa. Þeir starfsmenn sem ætla að vinna áfram í Langholti veturinn 2021-2022 voru boðaðir í viðtöl. Í viðtölunum voru ræddar óskir starfsmanna varðandi næsta vetur, starfsþróun og almenn líðan.

Við skipulagningu næsta vetrar verður tekið tillit til óska starfsmanna varðandi vinnuskipulag og með hvaða aldri starfsmenn kjósa að vinna með.

Ég hef mikið velt fyrir mér hvernig hægt sé að nýta þessi samtöl betur og að þau verði markvissari. Mun næsti vetur fara í að skoða það sem aðrir eru að gera og hefur gefið góða raun. Ég sjálf er ekki alveg búin að taka snerpusamtöl í sátt, finnst þau vera á margan hátt þannig að það sé verið að klára hlut til að haka í boxið. Okkar viðtöl hafa verið 30 mín samtál milli starfsmanns og skólastjóra.

Öll okkar fræðsla sem kom inn í skólann síðasta vetur miðaði að læsi, þó setti Covid stórt strik í reikninginn og fannst fólki svona fjarnámskeið ekki vera að nýtast nógu vel. Því vorum við dugleg að miðla frekar þekkingu hér innan hús heldur en að borga fyrir námskeið sem ekki nýttust.

Skólinn var meira og minna í 5 hólfum allan síðasta vetur.

Stór hluti stjórnendateymisins náði að fara á TRAS- skráningarnámskeið á málproska ungra barna.

Aðstoðarleikskólastjóri tók þátt í forystunám Reykjavíkurborgar sem er samhæft skyldunám stjórnenda og sérfræðinga hjá borginni.

Stjórnendateymið fór í *Leiðtogaþjálfun hjá Kvan*, en námskeiðið fór að mestu fram rafrænt.

Vinnan þar var ekki eins markviss eins og ef við hefðum getað verið öll saman.

## 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Börnin sem eru í Leikskólanum Langholti skiptast á milli tveggja skóla Langholtsskóla og Vogaskóla. Staðsetning heimila í hverfinu stýrir því hvor skólinn er valinn.

Áherslur: Leikskólarnir Langholt, Brákarborg, Sunnuás og Vinagarður standa sameiginlega að samstarfi við Langholtsskóla og frístundamiðstöðina Glaðheima.

Markmið: Að börnin finni fyrir öryggi gagnvart grunnskólanum og frístund þegar þau flytjast milli skólastiga. Að þau kynnist nýju umhverfi og þeim börnum frá leikskólum hverfisins sem þau koma til



með að vera með í Langholtsskóla. Að styrkja samstarf milli kennara leik- og grunnskóla hverfisins og auka innsýn í starfsvettvang hvers annars.

Leiðir: Áætlun vegna samstarfs Langholts og Langholtsskóla er að mestu í föstum skorðum og er nokkuð keimlík milli ára. Dagskráin raskaðist þó nú í vetur vegna Covid.

Samráðsfundur kennara beggja skólastiga er haldinn að vori, fundarefni er endurmat samstarfsins á líðandi skólaári og næsta skólaár skipulagt. Frístundamiðstöðin Glaðheimar er þátttakandi í samstarfinu, heimsóknir barnanna þangað eru skipulagðar yfir skólaárið þar sem þau kynnast umhverfinu og starfsfólki. Samstarfsverkefnið hlaut Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs.

Samstarf við Vogaskóla er með svipuðum hætti og markmiðin þau sömu en samstarf milli kennara hefur ekki verið jafn mikið. En stefnt er að því að gera enn betur í þeim efnum næsta vetur.

Það var töluvert minna samstarf síðasta vetur en verið hefur vegna Covid

- 8. September, samráðsfundur í Langholtsskóla til að skipuleggja veturinn
- 1.febrúar samráðsfundur með Vogaskóla
- Dagur íslenskrar tungu, rafræn skemmtun, Langholtsskóli
- Dagur íslenskrar tungu, 9 bekkingar frá Vogaskóla komu og lásu fyrir börn í elsta árgangi.
- 15 apríl, hittum 1 bekkinga frá Langholtsskóla í Rósagarðinum í stað þess að fara í skólaheimsókn
- Skólaheimsókn í Vogaskóla í mars með börn í elsta árgangi sem munu fara þanngað.
- Skil á milli skólastiga og frístund, 8 júní Langholtsskóli, 15 ágúst í Vogaskóla

## 8 Foreldrasamvinna

Öll foreldra samvinna fór fram á Teams, við buðum upp á foreldraviðtöl á Teams, voru margir mjög sáttir við það og þá sérstaklega þegar ekki þurfti að ræða erfið mál heldur var frekar verið að fara yfir líðan og nám barnsins. Við munum halda áfram að bjóða foreldum þennan kost. Hér er starfandi foreldrafélag og sitja foreldrar úr stjórn þess einnig í foreldraráði. Við funduðum ekki mjög reglulega síðasta vetur. Það eru virk samskipti inni á Facebook síðu stjórnar og hefur reynst vel að nýta hana í skipulag. Foreldrafélagið hefur tekið þátt í kostnaði við jólaleikrit, sumarhátíð og útskrift elstu barnanna.



## 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar í Leikskólanum Langholti veturinn 2021-2022

- 27. ágúst 2021
- 1. október 2021
- 26. nóvember 2021 Sameiginlegur skipulagsdagur
- 3. janúar 2022 Sameiginlegur skipulagsdagur
- 18. mars 2022 Sameiginlegur skipulagsdagur
- 22. apríl 2022

## 10 Fylgigögn

Fylgiskjal 1 – Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

Fylgiskjal 2 – Umbótaáætlun Furðuland

Fylgiskjal 3 – Umbótaáætlun Dvergaland

Fylgiskjal 4 – Umbótaáætlun Álfaland

Fylgiskjal 5 – Umbótaáætlun Undraland

Fylgiskjal 6 – Umbótaáætlun Smálönd Lundur

Fylgiskjal 7 – Umbótaáætlun Smálönd Skáli

Fylgiskjal 8 – Umbótaáætlun Bláaland

Fylgiskjal 9 – Umbótaáætlun Gulaland

Fylgiskjal 10 – Umbótaáætlun Rauðaland

Fylgiskjal 11. Leikskóladagatal



## 10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Langholt  
Valborg Guðlaugsdóttir

30. júní 2021


---

Leikskólastjóri

Dagsetning



## Leikskólinn Langholt



### Starfsáætlun 2021 – 2022 Umsögn foreldraráðs



## Foreldraráð leikskólans skipa:

Hrefna Stefánsdóttir

### Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## Umsögn foreldraráðs:

Starfsáætlunin er vel unnin og gefur góða yfirsýn yfir það starf sem unnið er í leikskólanum. Einnig er þar lagt heiðarlegt mat á það sem má bæta og áætlun um það gerð til næsta skólaárs. Skjalið nýtist einnig foreldrum sem vilja kynna sér hvaða starf fer fram á hverju aldursstigi. Starfsáætlunin gagnast bæði starfsfólki í faglegu starfi sem og foreldrum sem vilja fá innsýn í starfið.





UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
-----------------------------	------------------------	---------------------	--------	------------	---	-------------------

Uppeldis- og menntastarf

Áherslur leikskólans Gerðar sýninlegri	Kynna betur Áherslur skólans	Allir starfmenn hafi þekkingu á vinnuaðferðum og áherslum skólans.  Starfsmannahandbók sýnilegri.  Stofna teymi fyrir hvern áherslupátt sem setur markmið og miðlar því áfram til annarra.  Kynna vel fyrir foreldrum í upphafi vetrar hverjar áherslur okkar eru og hvernig þær fléttast inn í allt starfið.	Stjórnenda-teymið.	Vetur 2021-2021	Samræður í viðtölum við starfsmenn könnun	Starfsmenn verði öryggir í starfi á Langholti.
---	---------------------------------	---	--------------------	-----------------	---	--

Mannauður/  
Leikskólabragur

Móttaka nýrra starfsmanna	Bæta upplifun	Koma af stað markvissari nýliðafræðslu	Stjórnenda-teymið	Vetur 2021-2022	Könnun meðal nýrra starfsmanna.	Að nýir starfsmenn finni fljótt til öryggis í starfinu. Að upplifa að vel sé tekið á mót
---------------------------	---------------	--	-------------------	-----------------	---------------------------------	--

	nýrra starfsmanna	Þegar starfsmenn byrja í vinnu.  Ræða á markvissan hátt við alla nýja starfsmenn bæði til að leiðbeina og gefa þeim færi á að spyrja.				manni á nýjum vinnustað eykur líkur á að starfsmaður endist í starfi.
Upplýsingaflæði til starfsmanna	Starfsfólk fái þær upplýsingar sem þeir þurfa.	Gera könnun meðal starfsmanna um hvaða upplýsingar þeim finnst þeim vanta helst og á hvaða formi þeir geta nýtt sér þær.  Vista allar fundagerðir á sameign þar sem allir geta lesið. Einnig prenta þær út og setja í möppur á kaffistofunum.  Deildastjórar taki niður það helsta á stjórnendateymisfundum og fari með á deildafundi.	Stjórnendateymið	Vetur 2021-2022	Könnun að vori hvort upplýsingar hafi skilað sér betur.  Metið á deildarfundum og starfsdögum.	Að starfsmenn sé vel upplýstir um alla hluti. Og við sjáum okkur á grænu í næstu starfsmannakönnunum.
Innra mat						
Mat á námi barna	Ná fram röddum barna og	Innleiða Demantaaðferð (Dimand ranking) fyrir allan aldur	Stjórnendateymið	Vetur 2021-2022	Fagfundir þar sem aðferðin er rædd og	Að raddir barna heyrist og við tökum

	þeirra sýn á starfið				<p>aðlöguð að hverjum aldri fyrir sig.</p> <p>Starfsdagur haust 2021 þar sem aðferðin er kynnt fyrir öllu starfsfólki og farið yfir hvernig á að nota hana.</p>	<p>tillit til mismunandi þarfa þeirra.</p> <p>Könnun send heim þar sem foreldrar og börn svara saman hvort börn upplifi að á þau séu hlustað.</p>
Proska barna	<p>Í skólanum er fylgst með alhliða þroska barna með fjölbreyttum aðferðum</p>	<p>Starfsfólk fær fræðslu um aðferðir sem hægt er að nýta sér við mat á námi barna. Með námskeiðum og fræðslu á starfsdögum.</p> <p>Starfsfólk nýtir undirbúning í skráningar og mat.</p>	Stjórnenda-teymið.	Vetur 2021-2024	<p>Ferilmöppur</p> <p>Tras</p> <p>HLÍÓM - 2</p> <p>Dementa aðferðin</p> <p>Foreldraviðtöl þar sem foreldrar setja markmið fyrir veturinn með deildastjóra</p>	Mat á nám og stöðu barna þar sem foreldrar og kennara vinna saman.

Umbótaáætlun Furðuland



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Læsi</b>	<p>Að börnin verði læs á umhverfið og tilfinningar sínar.</p> <p>Efla málþroska, orðaforða og hljóðkerfisvitund.</p> <p>Að nýta Lubba í daglegu starfi Jákvæð samskipti.</p>	<p>Í Útinámi lærum við á umhverfið í nágrenni leikskólans, menningu þess og hvað það hefur uppá að bjóða. Lestur alla daga og að setja orð á alla hluti og athafnir. Söngur, þulur og hljóðkerfisvitundar verkefni. Æfa málhjóðin með Lubba. Að vinna með hugtökin virðingu, vinátta, umhyggju, hugrekki, jafnrétti og lýðræði.</p>	<p>Deildarstjóri ber ábyrgð á að allir fari eftir skipulagi og vinni verkefni tengd læsi.</p> <p>Allir á deildinni vanda sig í samskiptum verum góð fyrirmynd.</p> <p>Allir á deildinni vinna að framkvæmd.</p>	Ágúst 2021- júní. 2022	Skráningar úr ferðum. Fara yfir á deildarfundum og skipulagsdögum hvernig gengur.	Að börnin verði læs á umhverfi sitt og tilfinningar með því að fá að tjá sig og segja frá. Kenna þeim að leysa sjálf úr ágreiningi og bera virðingu fyrir hvert öðru.
<b>Útinám</b>	<p>Að útinámið verði markvisst og tengist starfinu á deildunum.</p> <p>Áhersla á læsi í víðum skilningi, samræður, samvinnu, umhverfisvitund.</p>	<p>Umsjónarmaður útináms skipuleggur útinám fyrir allan elsta árg. í samstarfi við deildarstjóra F.L og D.L. Farið verður í tveimur hópum í útinám í hverri viku. Umsjónarmaður fær undirbúningstíma í hverri viku og nýtir hann einnig til skráningar. Furðuland fer í útinám á miðvikudögum og Dvergaland á þriðjudögum</p>	Umsjónarmaður útináms.	September 2021- des 2021 Síðan aftur Jan. 2022- maí 2022	Starfsmenn Furðu og Dvergalands hittast á starfsdegi t.d. í lok tímaáætlunar og ræða hvernig til tókst.	Að börnin og kennarar nýti náttúruna og umhverfi skólans sem kennslutæki og flétti þannig starfið í útinámi með áherslu á læsi og umhverfismennt starfi deildarinnar.
<b>Íslenska sem annað mál.</b>	<p>Að börnin upplifi sig örugg í hópnum og séu óhrædd við að tjá sig og styrkist þannig félagslega.</p>	<p>Lestur á hverjum degi í minni hópum ef þarf. Setja orð á alla hluti og athafnir. Skapa málörvandi umhverfi. Nota 10 mínútu regluna hver starfsmaður talar við barnið í minnst</p>	Allir á deild	Allt árið um kring.	Við notum <i>Einn leikskóli mörg tungumál leiðavisir um skráningu á framförum barna í íslensku sem öðru máli</i> til að skima börnin.	Að börnin fái tækifæri til að tjá sig og þau verði eflað í notkun íslensku. 10 mín reglan markvisst notuð og skráð

		10 mínútur á dag. Mikilvægt að sýna öllum börnum áhuga og mæta þeim þar sem þau eru stödd.				
--	--	---	--	--	--	--

## Umbótaáætlun Dvergaland

Dvergaland-2015-2016 árgangur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Umbótaþættir</b>						
<b>Læsi</b>	Að börnin verði læs á umhverfið. Efla málproska og orðaforða. Jákvæð samskipti.	-Sögu- og samverustundir daglega. -Lesið fyrir öll börn a.m.k einu sinni á dag. -Börnunum kenndar flóknari þulur og söngtextar. -Læsisshvetjandi umhverfi á deildinni.	Allt skólaárið	-Deildarstjóri ber ábyrgð á að allir fari eftir skipulagi og vinni verkefni tengd læsi. -Allir á deildinni vanda sig í samskiptum og eru góðar fyrirmyndir.	-Starfsfólk deildarinnar ræðir saman á deildarfundum og fylgist gagnrýnið með.	-Aukinn orðaforði, málskilningur og hljóðkerfisvitund.
<b>Útinám</b>	-Að útinámið verði markvisst og tengist starfinu á deildunum. -Áhersla á læsi í víðum skilningi, samræður, samvinnu, umhverfisvitund - Að börnin njóti sín í útiveru og læri að meta umhverfi sitt.	-Útinámsstjórinn (starfsmaður á Furðulandi) skipuleggur útinám fyrir allan hópinn í samstarfi við deildarstjóra F.L og D.L. -Farið verður með allan barnahópnum í útinám einu sinni í viku. -Útinámsstjórinn fær undirbúningstíma í hverri viku og nýtir hann einnig til skráningar. Hún útfærir hugmyndir til úrvinnslu fyrir báða deildir.	-Frá hausti fram á vor	-Starfsmaður á Furðulandi.	-Starfsmenn Furðulands og Dverglands hittast á starfsdegi t.d. í lok tímaáætlunar og ræða hvernig til tókst.	-Að börnin þekki nærumhverfi leikskólans, náttúruna og íslenskt veður, og að úthald þeirra aukist.
<b>Íslenska sem annað mál</b>	-Skapa málörvandi umhverfi í þeim tilgangi að auka orðaforða og skilning. -Lesið bækur við hæfi. -Auka öryggi barna í samskiptum	-Lestur á hverjum degi í minni hópum ef þarf. -Getuskipta hópnum í lesstundir. -Setja orð á alla hluti og allar athafnir í öllu daglegu starfi. -Tala skýrt, endurtaka orð/setningar á réttan hátt. -10 mínútna reglan	Allt skólaárið	Allir starfsmenn deildarinnar eru meðvitaðir um að setja orð á hluti og athafnir í daglegu starfi, tala skýrt og vera málformyndir.	Einn leikskóli mörg tungumál. Leiðavísir um skráningu á framförum barna í íslensku sem öðru máli.	-Aukinn skilningur og orðaforði. -Aukið öryggi í samskiptum og í íslensku umhverfi.

## Umbótaáætlun Álfaland

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsi	Innihalds ríkari lestur	-Útbúin lestraráætlun fyrir hvora önn um sig með þemu í huga	Deildarstjóri ber ábyrgð á gerð áætlunnar í samvinnu við annað starfsfólk.	Sept-Júlí	Áætlun metin á síðasta starfsdegi annar. -TRAS skráningarblöð	-starfsfólk meðvitaðra um val á bókum og afhverju - framfarir í TRAS skráningum á 6 mán fresti
Læsi	Börn verði læs á umhverfi sitt	- sýnilegt ritmál -leikföng og hlutir merktir		Sept-des	- á starfsdögum	-allt merkt sem hægt er að merkja
Hringekja	Fjölbreyttari aðferðir notaðar á stövum	Innlögn í gegnum leikinn -Meiri hreyfing /hreyfileikir	Deildarstjóri með ábyrgð hópstjórar framkvæma	Sept-júlí	-Skráningar úr hópum. - Börnin taka þátt í að meta starfið -TRAS skráningarblöð	-Hringekja -Börnin meta starfið 3 x á önn. -Viðmiðum náð í TRAS
Útinám	Markvisst útinám og úrvinnsla  Fjölbreytt útinám  Sjálfbærni	Samræmd áætlun fyrir báðar deildir  Börn með í ráðum -/ kosningar Umsjónarmenn vikulega með pappír og plast út í tunnu -Gróðursett í kassa á lóð	Útinámsstjóri Framkvæmt af öllum  Deildarstjóri  Allt starfsfólk deildar	Sept- des  Sept. júní  Ágúst-júlí	Áætlun metin á deildarfundum og starfsdögum  Haldið utan um óskir barna með skráningum  -Notaðir tékklistar og metið á fundum -Börnin fá að gróðusetja í kassa á lóð að vori	Samræmd áætlun hangir uppi á deildum - Ferilmöppu- og mynda - skráning eftir ferðir  Aðra hvora viku fá börnin að kjósa um hvert er farið / hvað er gert

						Pappír og plast tæmt a.m.k einu sinni í viku -Börn fá með sér uppskeru heim
Gefðu 10	Vinna markvisst með gefðu 10	-Börn kortlögð með gefðu 10 -starfsmenn sitji með börnum í leik		Sept. - júlí	-Skráningarblöð notuð af starfsfólki - Farið yfir 1 x í mánuði á deildarfundum -TRAS skráningarblöð	-skráning í 2 vikur með hverju barni

Undraland umbótaáætlun

Umbóta þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðar-aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Læsi</b>	<p>-Kenna börnunum flóknari söngtexta og þulur</p> <p>-Lesið fyrir öll börn í litlum hópum</p> <p>-Að börnin verði læs á umhverfi sitt.</p> <p>-Innihaldsríkari lestur</p>	<p>-Flóknari þulur og söngtextar lagt inn á markvissari hátt í hringekju og samverustundum.</p> <p>-Festa niður ákveðinn tíma fyrir lesstundir í litlum hópum.</p> <p>-Bæta læsishvetjandi umhverfi á deildinni, t.d. með því að hafa ritmál sýnilegra og merkja leikföng og hluti á deildinni.</p> <p>- Útbúin lestaráætlun fyrir hvora önn með ákveðin þemu í huga.</p>	<p>Skólaárið 2020-2021</p> <p>-sept til des</p>	<p>Allt starfsfólk UL</p> <p>Deildarstjórar bera ábyrgð á gerð lestrar-áætlunarinnar í samvinnu við annað starfsfólk</p>	<p>Á deildarfundum og á starfsdögum reglulega yfir skólaárið.</p> <p>-TRAS skráning</p>	<p>-Að börnin læri a.m.k. 9 þulur yfir skólaárið og nýja söngtexta.</p> <p>-Lesið í litlum leshópum a.m.k. einu sinni á dag.</p> <p>-Að allt sem er hægt að merkja sé merkt á bæði ritmáli og myndrænt.</p> <p>-Starfsfólk meðvitaðra um val á bóllum og af hverju.</p> <p>-TRAS skráningablöð nýtt á 6 mánaða fresti til þess að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.</p>
<b>Útinám</b>	<p>-Markvisst útinám og úrvinnsla</p> <p>-Tengja útinám við daglegt starf.</p> <p>-Sjálfbærni</p>	<p>-Samræmd áætlun fyrir báðar deildir</p> <p>-Börnin með í ákvörðunartökum</p> <p>- Nýta Lubbi finnur málbein, læsi og stærðfræði við skipulagningu</p> <p>-Efla umhverfisvitund barna. (t.d. gróðursetning og flokkun)</p>	<p>Skólaárið 2020-2021</p>	<p>-Útinámsstjóri</p> <p>-Allt starfsfólk UL</p>	<p>Á deildarfundum og á starfsdögum reglulega yfir skólaárið.</p> <p>-Rætt við börnin um hvað þeim finnst skemmtilegt við útinámið.</p>	<p>-Farið í útinám einu sinni í viku.</p> <p>-Aðra hvora viku er farið í skipulagt útinám en hina vikuna í styttri göngutúra í nærumhverfi leikskólans og á leikvelli í hverfinu.</p> <p>-Skráningar og úrvinnsla úr útináminu.</p> <p>-Pappír og plast tæmt amk. einu sinni í viku.</p> <p>-Börnin taki þátt í ræktun í gróðursetningarkassa á lóð og uppskera nýtt, t.d. í matatríma eða send heim.</p>

Undraland umbótaáætlun

<p><b>Íslenska sem annað mál</b></p>	<p>-Hafa betri yfirsýn yfir það hvar þau börn sem eru tvítyngd eða með annað móðurmál en íslensku eru stödd í málþroska.</p> <p>-Skapa málörvandi umhverfi</p>	<p>-Innleiða notkun á leiðavisir um skráningu á framförum barna í íslensku sem öðru máli, Einn leikskóli- mörg tungumál.</p> <p>-Snemmtæk íhlutun</p> <p>-Að starfsmenn séu meðvitaðir um að setja orð á hluti og athafnir í daglegu starfi ásamt því að tala skýrt og endurtaka orð/setningar á réttan hátt</p>	<p>Skólaárið 2020-2021</p>	<p>Deildarstjóri ber ábyrgð á að fylla út leiðarvísinn, Einn leikskóli, mörg tungumál, í samvinnu við annað starfsfólk.</p>	<p>Á deildarfundum og á starfsdögum reglulega yfir skólaárið.</p>	<p>- Fylla út leiðarvísinn, Einn leikskóli- mörg tungumál, þrisvar sinnum yfir skólaárið fyrir öll börn sem eru tvítyngd eða hafa ekki íslensku sem móðurmál</p> <p>-TRAS skráningablöð</p>
<p><b>Hringekja</b></p>	<p>-Fjölbreyttari stöðvar í hringekju</p>	<p>-Innlögn fer fram í gegnum leikinn</p> <p>-Meiri hreyfing / hreyfileikir</p>	<p>September - júní</p>	<p>Deildarstjórar bera ábyrgð en allir starfsmenn deildarinnar taka virkan þátt í skipulagi.</p>	<p>Á deildarfundum og á starfsdögum reglulega yfir skólaárið.</p> <p>-Skráning stm. úr hópum.</p> <p>-Börnin taka þátt í að meta starfið</p> <p>-TRAS</p>	<p>-Hringekja einu sinn í viku</p> <p>-TRAS skráningablöð</p>
<p><b>10 mín reglan</b></p>	<p>-Vinna markvisst með 10 mín regluna.</p>	<p>-Að starfsmenn noti skráningarblöð til að skrá niður þegar þeir nota 10 mín regluna</p> <p>-Starfsmenn sitji með börnum í leik</p>	<p>Skólaárið 2020-2021</p>	<p>Allt starfsfólk UL</p>	<p>Á deildarfundum og á starfsdögum reglulega yfir skólaárið.</p>	<p>-Ákveðið fyrirfram hvaða börn eigi að vinna með hverju sinni og halda utan um það með skráningum</p> <p>-Skráning stendur yfir í tvær vikur fyrir hvert barn</p> <p>-TRAS skráningablöð nýtt</p>



Umbótaáætlun Smálönd Lundur

Smálönd Lundur 2017 árgangur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Umbótaþættir</b>						
<b>Læsi</b>	-Efla málþroska, m.a. málskilning, orðaforða og hljóðkerfisvitund. -Jákvæð samskipti. -Nýta Lubba í daglegu starfi.	-Sögu- og samverustundir daglega. -Lesið fyrir öll börn a.m.k einu sinni á dag. -Börnunum kenndar flóknari þulur og söngtextar. -Læsishvetjandi umhverfi á deildinni.	Allt skólaárið	Starfsfólk deildarinnar  -Allir á deildinni vanda sig í samskiptum og eru góðar fyrirmyndir.	Starfsfólk deildarinnar ræðir saman á deildarfundum og fylgist gagnrýnið með.	-Aukinn orðaforði, málskilningur og hljóðkerfisvitund.
<b>Útinám</b>	-Að útinámið verði markvisst og tengist starfinu á deildinni. -Að börnin njóti sín í útiveru og læri að meta umhverfi sitt.	-Hópurinn, sem eru 16 börn, munu fara í útinám hverja viku. - Börnin læra að þekkja nærumhverfi sitt.	Frá hausti fram á vor	Gugga skipuleggur útinámið í samvinnu við aðra starfsmenn deildarinnar.	Skráningar úr ferðum. Starfsfólk deildarinnar ræðir saman á deildarfundum	-Að börnin þekki nærumhverfi leikskólans, náttúruna og íslenskt veður, og að úthald þeirra aukist.
<b>Íslenska sem annað mál</b>	-Skapa málörvandi umhverfi í þeim tilgangi að auka orðaforða og skilning. -Lesið bækur við hæfi. -Auka öryggi barna í samskiptum	-Lestur á hverjum degi í minni og stærri hópum. -Setja orð á alla hluti og allar athafnir í daglegu starfi. -Tala skýrt, endurtaka orð/setningar á réttan hátt. -10 mínútna reglan	Allt skólaárið	Allir starfsmenn deildarinnar eru meðvitaðir um að setja orð á hluti og athafnir í daglegu starfi, tala skýrt og vera málfyrirmyndir.	Einn leikskóli mörg tungumál. Leiðavísir um skráningu á framförum barna í íslensku sem öðru máli.	-Aukinn skilningur og orðaforði. -Aukið öryggi í samskiptum og í íslensku umhverfi.

Umbótaáætlun Bláaland

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Að öll börn fari í útinám tvisvar í mánuði. Að börnin kynnist nærumhverfi leikskólans.	Hópnum skipt í tvennt og farið út úr húsi	Deildarstjóri með góðri aðstoð annara starfsmanna á deildinni	Hefst þegar aðlögun á nýjum börnum er lokið og lýkur í vor.	Ræða saman á deildarfundum. Fylgjast með og skráningar eftir hverja ferð.	Að öll börn kynnist útinámi og umhverfinu og verði öruggt í námi úti
Íslenska sem annað mál	Að börn sem eru með annað eða fleiri tungumál en íslensku fái góðan grunn í íslensku	Með því að leggja orð á allt sem við erum að gera, lesa fyrir barnið, tala mikið við barnið, endurtaka	Deildarstjóri með góðri aðstoð annara starfsmanna á deildinni.	Hefst strax í upphafi skólaárs.	Ræða saman á deildarfundum. Fylgjast með og skrá.	Að öll börnin auki við skilning sinn og tjáningu
Læsi	Að lesið verið fyrir öll börn a.m.k einu sinni á dag helst oftár	Getuskiptir lestrarhópar. Lesið í samveru. Enn meiri áhersla lögð á börn sem þurfa meiri stuðning.	Deildarstjóri með góðri aðstoð annara starfsmanna á deildinni.	Hefst þegar aðlögun á nýjum börnum er lokið og lýkur í vor.	Ræða saman á deildarfundum. Fylgjast með og skrá.	Bættur orðaforði og málskilningur. Börnin þekkja Lubba og máhljóðin.

## Umbótaáætlun Gulalands

Mats þáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsi	<p>Að börnin verði læs á umhverfið og læri að fara út fyrir skólann.</p> <p>Efla málþroska og orðaforða.</p> <p>Að nýta Lubba í daglegu starfi.</p> <p>Jákvæð samskipti.</p>	<p>Í Útinámi lærum við á umhverfið í nágrenni leikskólans og kennum þeim að halda hópinn.</p> <p>Lestur alla daga og að setja orð á alla hluti og athafnir. Söngur er mjög mikilvægur.</p> <p>Æfa málhjóðin með Lubba.</p> <p>Kenna þeim að bera virðingu fyrir hvort öðru.</p> <p>Segja stopp og nota orð í stað þess að meiða.</p>	<p>Deildarstjóri ber ábyrgð á að allir fari eftir skipulagi og vinni verkefni tengd læsi.</p> <p>Allir á deildinni vanda sig í samskiptum verum góð fyrirmynd.</p> <p>Allir á deildinni vinna að framkvæmd.</p>	Ágúst -júlí 2022	<p>Skránin gar úr ferðum .</p> <p>Fara yfir á deildar fundum og skipulagsgöguum hvernig gengur .</p> <p>TRAS skráin gar tvisvar á önn.</p>	<p>Að börnin verði læs á umhverfi sitt og læri að nota orð í stað þess að grípa í ofbeldi.</p> <p>Geti sagt málhjóðin og sungið með Lubba lögnum.</p>
Útinám	Mikilvægt að kenna þeim á umhverfið og	Umsjónarmaður útinámsins heldur utan um útinámið.	Allir á deildinni en einn starfsmaður tekur að sér að sjá um	Einu sinni í viku frá september Mars 2022	Starfsmenn Gulalands hjálpat að við	Að börnin og kennarar nýti náttúruna og

	<p>umferða reglur.</p> <p>Læra að ferðast út úr leikskólunum og halda hópnum.</p>	<p>Umsjónarm aður fær undirbúningstíma í hverri viku og nýtir hann einnig til skráningar.</p>	<p>útnámsskráningar.</p>	<p>Tvisvar í Viku 2022-júlí 2022</p>	<p>skipulagið.</p>	<p>umhverfi skólans sem kennslutæki og flétti þannig starfið í útinámi með áherslu á læsi og umhverfis mennt starfi deildarinnar.</p>
<p>Íslenska sem annað mál.</p>	<p>Mörg börn á deildinni nota hvorki íslensku né móðurmál og því er mikilvægt að grípa þau snemma.</p>	<p>Lestur á hverjum degi í litlum hópum eftir færni. Setja orð á alla hluti og athafnir. Skapa málörvandi umhverfi. Nota myndrænar skráningar til að hjálpa þeim sem þurfa.</p> <p>Nota 10 mínútu regluna hver starfsmaður talar við barnið í minnst 10 mínútur á dag. Mikilvægt að sýna</p>	<p>Allir á deildinni</p>	<p>Ágúst – Júlí 2022</p>	<p>Við notum <i>Einn leikskól i mörg tungu mál leiðavísir um skráningu á framföllum barna í íslensku sem öðru máli</i> til að skima börnin.</p>	<p>Að börnin fái tækifæri til að tjá sig og þau verði eflid í notkun íslensku.</p> <p>10 mín reglan markvisst notuð og skráð</p>



		öllum börnum áhuga og mæta þeim þar sem þau eru stödd.				
--	--	--	--	--	--	--



Umbótaáætlun Rauðaland

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat, hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Læsi</b>	Að við lesum a.m.k. einu sinni á dag fyrir alla. Kenna einfaldar þulur og rím. Nota Lubba, hvert máhljóð í 2 vikur í senn	Samvera tvisvar á dag. Lesið og farið yfir máhljóðið daglega í hópastarfi og samveru. Getuskiptir leshópar. Bækur aðgengilegar og ritmál sýnilegt	Þegar aðlögun er lokið og út veturinn	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir vinna saman að markmiðunum	Nýta deildarfundi til að ræða saman um hvernig gengur. Vera dugleg að skrá	Aukinn skilningur og orðaforði. Áhugi og virðing fyrir bókum. Geta lesið í umhverfið
<b>Útinám</b>	Að börnin njóti útiveru í allskonar veðri og þekki sitt nærumhverfi	Fara í útinám 1x í viku með helminginn af hópnum í einu	Þegar aðlögun er lokið og út veturinn	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir vinna saman að markmiðunum	Nýta deildarfundi til að ræða saman um hvernig gengur. Vera dugleg að skrá	Aukinn áhugi og úthald í útinámi og útiveru
<b>Íslenska sem annað mál</b>	Veita öryggi fyrir barn og foreldri í íslensku umhverfi. Vera með málörvandi umhverfi	Setja orð á hluti og athafnir. Nýta allar stundir s.s. fataklefa, matartíma og skiptitíma. Markviss málörvun aukalega. Nota 10 mín regluna markvisst	Þegar aðlögun er lokið og út veturinn	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir vinna saman að markmiðunum	Nýta deildarfundi til að ræða saman um hvernig gengur. Vera dugleg að skrá, 10 mín reglan og einn leikskóli, mörg tungumál.	Aukinn orðaforði og skilningur. Skráning s.s. 10 mín reglan og einn leikskóli, mörg tungumál.

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1 S		1 M		1 F	<b>Starfsdagur</b>	1 M	Foreldravíðtöl Dvergaland	1 M	Fullveldisdagurinn	1 L	Nýársdagur	1 Þ	Tannverndarvika	1 Þ		1 F		1 S	Verkalýðsdagurinn	1 M	
2 M	Frídagur verslunarmanna	2 F		2 L		2 Þ	Foreldravíðtöl Dvergaland	2 F		2 S		2 M		2 M		2 L		2 M	Foreldravíðtöl Dvergaland	2 F	
3 Þ		3 F		3 S		3 M	Foreldravíðtöl Dvergaland	3 F		3 M	<b>Sameiginlegur starfsdagur</b>	3 F		3 F		3 S		3 Þ	Foreldravíðtöl Dvergaland	3 F	
4 M		4 L		4 M	Foreldravíðtöl Álfaland	4 F		4 L		4 Þ		4 F	Uppákoma vegna Dags leikskólans	4 F		4 M	Foreldravíðtöl hefjast	4 M	Foreldravíðtöl Dvergaland	4 L	
5 F		5 S		5 Þ	Foreldravíðtöl Álfaland	5 F		5 S		5 M		5 L		5 L		5 Þ		5 F		5 S	Hvítasunnudagur
6 F		6 M		6 M	Foreldravíðtöl Álfaland	6 L		6 M		6 F	Brettándinn/vasaljósadagur	6 S	Dagur leikskólans	6 S		6 M		6 F		6 M	Annar í Hvítasunnu
7 L		7 Þ		7 F		7 S		7 Þ		7 F		7 M		7 M		7 F		7 L		7 Þ	
8 S		8 M	Dagur læsis	8 F		8 M	Foreldravíðtöl Bláaland	8 M		8 L		8 Þ		8 Þ		8 F	<b>Gulurdagur</b>	8 S		8 M	
9 M		9 F		9 L		9 Þ	Foreldravíðtöl Bláaland	9 F	<b>Jólasýning</b>	9 S		9 M		9 M		9 L		9 M	Foreldravíðtöl Furðuland	9 F	
10 Þ		10 F		10 S		10 M	Foreldravíðtöl Rauðaland	10 F	<b>Foreldrakaffi</b>	10 M		10 F		10 F		10 S	Pálmásunnudagur	10 Þ	Foreldravíðtöl Furðuland	10 F	
11 M		11 L		11 M	Foreldravíðtöl Undraland	11 F	Foreldravíðtöl Rauðaland	11 L		11 Þ		11 F	<b>Blárdagur</b>	11 F		11 M		11 M	Foreldravíðtöl Furðuland	11 L	
12 F		12 S		12 Þ	Foreldravíðtöl Undraland	12 F	<b>Rugldagur</b>	12 S		12 M		12 L		12 L		12 Þ		12 F		12 S	Sjómanna dagurinn
13 F		13 M	Aðlögun 2	13 M	Foreldravíðtöl Undraland	13 L		13 M		13 F		13 S		13 S		13 M		13 F	<b>Grænndagur</b>	13 M	
14 L		14 Þ		14 F		14 S		14 Þ		14 F		14 M	Bolludagur	14 M	Dagur stærðfræðinnar	14 F	<b>Skirdagur</b>	14 L		14 Þ	
15 S		15 M		15 F		15 M	Foreldravíðtöl Gulaland	15 M		15 L		15 Þ	Sprengidagur	15 Þ		15 F	Föstudagurinn langi	15 S		15 M	
16 M		16 F	Dagur íslenskrar náttúru	16 L		16 Þ	Foreldravíðtöl Gulaland	16 F	<b>Jólaball</b>	16 S		16 M	Óskudagur	16 M		16 L		16 M		16 F	
17 Þ		17 F		17 S		17 M	Foreldravíðtöl Gulaland	17 F	Rauðurdagur/ jólaþeysud.	17 M		17 F		17 F		17 S	<b>Sameiginlegur Starfsdagur</b>	17 S	<b>Páskadagur</b>	17 Þ	<b>Lýðveldisdagurinn</b>
18 M		18 L		18 M	Foreldravíðtöl Smálönd	18 F		18 L		18 Þ		18 F	Konudagskaffi	18 F		18 M	<b>Annar í páskum</b>	18 M		18 L	
19 F		19 S		19 Þ	Foreldravíðtöl Smálönd	19 F		19 S		19 M		19 L		19 L		19 Þ		19 F		19 S	
20 F		20 M		20 M	Foreldravíðtöl Smálönd	20 L	Dagur mannréttinda barna	20 M		20 F		20 S	Konudagur	20 S		20 M		20 F		20 M	
21 L		21 Þ		21 F		21 S		21 Þ		21 F	Böndadagur-þorrablót	21 M		21 M		21 F	<b>Sumardagurinn fyrsti</b>	21 L		21 Þ	
22 S		22 M		22 F		22 M		22 M		22 L		22 Þ		22 Þ		22 F	<b>Starfsdagur</b>	22 S		22 M	
23 M		23 F		23 L	Fyrsti vetrardagur	23 Þ		23 F	Þorláksmessa	23 S		23 M		23 M		23 L		23 M		23 F	
24 Þ		24 F	Köflóttur/röndóttur dagur	24 S		24 M		24 F	Aðfangadagur jóla	24 M		24 F		24 F		24 S		24 Þ		24 F	
25 M		25 L		25 M	Foreldravíðtöl Furðuland	25 F		25 L	Jóladagur	25 Þ		25 F		25 F		25 M		25 M	Útskrift elstu barna	25 L	
26 F		26 S	Evrópski tungumáladagurinn	26 Þ	Foreldravíðtöl Furðuland	26 F	<b>Sameiginlegur starfsdagur</b>	26 S	Annar í jólum	26 M		26 L		26 L		26 Þ		26 F	Uppstigningardagur	26 S	
27 F	<b>Starfsdagur</b>	27 M		27 M	Foreldravíðtöl Furðuland	27 L		27 M		27 F		27 S		27 S		27 M		27 F		27 M	
28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ		28 F		28 M		28 M		28 F		28 L		28 Þ	
29 S		29 M		29 F		29 M		29 M		29 L				29 Þ		29 F		29 S		29 M	
30 M	Aðlögun 1	30 F		30 L		30 Þ		30 F		30 S				30 M		30 L		30 M		30 F	
31 Þ				31 S				31 F	Gamlársdagur	31 M	Tannverndarvika			31 F				31 Þ			

### Í reglum um leikskólalþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólalagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.